



2020

# ÁRSSKÝRSLA

**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

ISSN 1670-522X

# Efnisyfirlit

<b>I</b>	<b>Markmið og stefna</b>	<b>5</b>
<b>II</b>	<b>Peningastefnan</b>	<b>7</b>
	Verðbólga, vextir og gengi krónunnar á árinu 2020	7
	Störf peningastefnunefndar	9
	Ákvarðanir peningastefnunefndar 2020	9
<b>III</b>	<b>Fjármálastöðugleiki</b>	<b>11</b>
	Þróun fjármálastöðugleika	12
	Fjármálastöðugleikanefnd	13
<b>IV</b>	<b>Fjármálaeftirlit</b>	<b>15</b>
	Fjármálaeftirlitsnefnd	15
	Eftirlit með fjármálafyrirtækjum	15
	Eftirlit með váttryggingastarfsemi	16
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	16
	Eftirlit með mörkuðum og viðskiptaháttum	17
	Vettvangsathuganir	17
	Hæfismat, virkir eignarhlutir og starfsleyfi	18
	Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	18
	Mál sem lauk með viðurlögum á árinu 2020	19
<b>V</b>	<b>Önnur viðfangsefni</b>	<b>21</b>
	Gjaldeyrisforði	21
	Lánamál ríkissjóðs	23
	Alþjóðleg samskipti	25
	Reiðufé	26
	Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals	27
<b>VI</b>	<b>Stjórn, skipulag og mannaúður</b>	<b>29</b>
	Stjórn bankans	29
	Bankaráð Seðlabanka Íslands	29
	Skipulag	29
	Verkefni sviða	30
	Nefndir bankans	31
	Mannauðsmál	32
	Sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins	32
	COVID-19 setti mark sitt á starfið	32
	Yfirstjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2020	32

<b>VII</b>	<b>Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands</b>	<b>35</b>
	Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið	36
<b>VIII</b>	<b>Samstæðuársreikningur</b>	<b>37</b>
	Rekstrarreikningur 2020	43
	Efnahagsreikningur 31. desember 2020	44
	Eiginfjáryfirlit	46
	Sjóðstreymisyfirlit	47
	Skýringar	48
	Viðauki með samstæðuársreikningi	82
<b>IX</b>	<b>Viðaukar</b>	<b>83</b>
	Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2020	83
	Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2020	84
	Aðgerðir Seðlabanka Íslands vegna COVID-19	85
<b>X</b>	<b>Tölur</b>	<b>87</b>
	1 Vextir við Seðlabanka Íslands	87
	2 Opinber gengisvísitala og vísitala meðalgengis og raungengi krónunnar	88
	3 Yfirlit yfir útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands í árslok	88
	4 Úr reikningum innlánsstofnana	89
	5 Úr reikningum bankakerfisins	90
	6 Bindiskylduhlutföll	91
	7 Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu	91
	8 Dæmi um árlegt meðaltal vaxta nokkurra útlána innlánsstofnana og dráttarvaxta	91
	9 Efnahagsreikningur Seðlabankans	92
	10 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	94
	11 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	95

# Markmið og stefna



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Ný lög um Seðlabanka Íslands tóku gildi 1. janúar 2020. Meginbreytingin var að Fjármálaeftirlitið var sameinað Seðlabanka Íslands. Frá þeim tíma fer Seðlabankinn með öll verkefni sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Breyting var gerð á fyrirkomulagi yfirstjórnar bankans eins og nánar er greint frá í kafla VI. Í lögnum segir jafnframt að bankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans.

## Peningastefna

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans frá 27. mars 2001 segir að Seðlabankinn muni stefna að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.<sup>1</sup> Lögin um Seðlabankann veita honum fullt sjálfstæði við að framkvæma peningastefnuna til þess að ná markmiðinu um stöðugt verðlag.

Fimm manna peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum.

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

Stjórnþækin teljast í þessu sambandi vera vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, varaseðlabankastjórar peningastefnu og fjármálastöðugleika og tveir utanaðkomandi meðlimir.

## Fjármálastöðugleiki

Í samræmi við ákvæði nýrra laga um Seðlabankann var skipuð fjármálastöðugleikanefnd sem tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Nefndin leggur mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Hún skal fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika, og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til. Nefndin skal einnig ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, varaseðlabankastjórnarnir þrír og þrír utanaðkomandi meðlimir. Ráðuneytisstjóri eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika skal eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

## Fjármálaeftirlit

Í samræmi við ákvæði nýrra laga um Seðlabankann var skipuð fjármálaeftirlitsnefnd. Hún tekur ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirliti samkvæmt lögum og

stjórnvaldsfyrirmælum og getur framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits gegna báðir formennsku í nefndinni en við mismunandi kringumstæður eins og greint er frá í lögunum um bankann. Seðlabankastjóri tekur sæti í nefndinni og er formaður hennar þegar teknar eru ákvarðanir um setningu starfsreglna nefndarinnar, framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits sem og ákvarðanir sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og er þá varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits staðgengill hans.

Í tilvikum annarra ákvarðana nefndarinnar er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður hennar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans. Að auki eiga sæti í nefndinni þrír utanaðkomandi sérfræðingar í málefnum fjármálamarkaðar.

### **Önnur viðfangsefni**

Annars staðar í skýrslunni er gerð grein fyrir öðrum lögbundnum verkefnum bankans.

# Peningastefnan



Seðlabanki Íslands skal stuðla að stöðugu verðlagi samkvæmt lögum. Markmiðið um stöðugt verðlag er skilgreint sem 2½% hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar um verðbólgu markmið frá 27. mars 2001. Lög um bankann kveða einnig svo á að peningastefnunefnd Seðlabankans taki ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum til að ná þessu markmiði og skulu þær byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum.

## Verðbólga, vextir og gengi krónunnar á árinu 2020


Verðbólga var að meðaltali 2,8% á árinu 2020 samanborið við 3% árið 2019. Verðbólga var við markmið á fyrri hluta ársins en jókst er leið á árið og mældist 3,6% í desember. Verðbólga án húsnæðis var 3% á árinu og jókst munurinn á verðbólgu með og án húsnæðis eftir því sem líða tók á árið. Undirliggjandi verðbólga jókst einnig á árinu og mældist 4,2% í desember 2020 samanborið við 2,6% á sama tíma árið á undan.

Megindirifkraftur verðbólgu á árinu 2020 var verðhækkun innfluttrar vöru eftir að gengi krónunnar lækkaði í kjölfar þess að COVID-19-farsóttin barst til landsins í lok febrúar. Verðhækkun á ýmsum innfluttum vörum, t.d. húsgögnum, húsbúnaði, raftækjum og fatnaði, hafði mest áhrif á vísitölu neysluverðs á síðari hluta ársins og hafði sá undirlíður í heild hækkað um 6,3% í desember frá fyrra ári. Verð á innlendri vöru hækkaði einnig, um 5,9% á milli ára, einkum vegna hækkunar matvöruverðs og innfluttra aðfanga. Auk þess hafði húsnæðisverð í desember hækkað um 7,8% milli ára samanborið við 4,3% hækkun árið áður.

Mynd II-1

### Verðbólga á ýmsa mælikvarða

Janúar 2014 - desember 2020



1. Undirliggjandi verðbólga er mælikvarði á verðbólguþrýsting sem undanskilur tíma-bundnar og sveiflukennndar verðbreytingar í einstaka undirlíðum sem ekki eru taldar hafa áhrif á langtíma verðbólguhorfur. Hér er sýnt meðaltal ólíkra mælikvarða á undirliggjandi verðbólgu, bæði tölfræðilegra mælikvarða og kjarnavísitölu.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Peningastefnunefnd lækkaði vexti Seðlabankans í febrúar 2020 um 0,25 prósentur. Í mars voru vextir bankans lækkaðir í tvisgang um samtals 1 prósentu og í maí um 0,75 prósentur í viðbót. Í ágúst og október var ákveðið að halda vöxtum óbreyttum en í nóvember voru þeir lækkaðir enn á ný um 0,25 prósentur. Í lok ársins voru meginvextir bankans, þ.e. vextir á 7 daga bundnum innlánum, því komnir í 0,75% og höfðu lækkað samtals um 2,25 prósentur á árinu. Rökin fyrir vaxtalækkuninni í febrúar voru þau að hagvaxtarhorfur höfðu versnað vegna erfiðrar stöðu útflutningsatvinnugreina og versnandi fjármögnunarskilyrða innlendra fyrirtækja. Frá og með marsmánuði voru vextir lækkaðir til að bregðast við verri horfum vegna farsóttarinnar og til að ýta undir efnahagsbatann.

## Mynd II-2

### Meginvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Daglegar tölur 3. janúar 2001 - 31. desember 2020




1. Meginvextir Seðlabankans eru vextir á 7 daga veðlánnum fram til 31. mars 2009, vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabankanum frá 1. apríl 2009 til 30. september 2009, meðaltal vaxta á viðskiptareikningum og á 28 daga innstæðubréfum frá 1. október 2009 til 20. maí 2014 og vextir á 7 daga bundnum innlánnum frá 21. maí 2014.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## Mynd II-3

### Raunvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Janúar 2010 - desember 2020



— Raunvextir Seðlabanka Íslands m.v. tólf mánaða verðbólgu  
— Raunvextir Seðlabanka Íslands m.v. meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar<sup>2</sup>

1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlásvaxta og hámarksvaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem meginvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólguálag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans.

Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Taumhald peningastefnunnar slaknaði á árinu 2020


með lækkun nafnvaxta bankans auk annarra aðgerða sem gagngert var ætlað að styðja við eftirspurn og aðgengi að lánsfé og varðveita stöðugleika fjármálakerfisins. Í mars ákvað peningastefnunefnd að lækka meðaltalsbindiskyldu á innlánsstofnanir sem rýmkaði lausafjárstöðu þeirra og jók svigrúm þeirra til að bregðast við aðstæðum í þjóðarþúskapnum. Þá hóf bankinn kaup á ríkisskuldabréfum á eftirmarkaði í maí 2020 til þess að tryggja að lausara taumhald peningastefnunnar miðlaðist með eðlilegum hætti til heimila og fyrirtækja. Í sama mánuði ákvað nefndin að hætt yrði að bjóða eins mánaðar bundin innlán en það jók laust fé í umferð og styrkti miðlun peningamálaaðgerða enn frekar. Raunvextir bankans, miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar, voru -2,3% í lok árs samanborið við 0,6% ári áður. Raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu lækkuðu á sama tíma um 1,2 prósentur og voru -2,8% í árslok.

Gengi krónunnar tók að lækka í lok febrúar 2020 eftir að COVID-19-farsóttin barst til landsins. Áföll í ferðaþjónustu og öðrum útflutningsgreinum vógu líklega þyngst í að skýra þrýsting til lækunar á gengi krónunnar. Er leið á maímánuð hækkaði gengi krónunnar á ný í takt við aukna bjartsýni um aukinn fjölda ferðamanna og árangursríkar sóttvarnaraðgerðir. Sú hækkun gekk þó fljótlega til baka og var aftur þrýstingur til lækunar á gengi krónunnar frá júní. Það dró úr þrýstingnum þegar Seðlabankinn tilkynnti 9. september að hann myndi hefja reglubundna sölu á gjaldeyri en þá hafði viðskiptavegið gengi krónunnar lækkað um tæplega 16% frá áramótum. Markmið aðgerðarinnar var að auka dýpt markaðarins og bæta verðmyndun. Gengi krónunnar tók

## Mynd II-4

### Gengi krónu og gengisflókt

Daglegar tölur 4. janúar 2010 - 31. desember 2020



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Vinstri ás er andhverfur þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkun ferisins. 2. Flókt krónu er 3 mánaða staðalfrávik daglegra breytinga.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

að hækka í kjölfar tilkynningarinnar og enn frekar þegar jákvæðar fréttir bárust um þróun bóluafnis gegn COVID-19 í nóvember. Í lok árs var gengi krónunnar 10,4% lægra gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu en í upphafi ársins samanborið við 3,1% lækkun á árinu 2019.

Í samræmi við yfirlýsta stefnu um að grípa inn í á gjaldeyrismarkaði til að draga úr sveiflum eftir því sem Seðlabankinn telur tilefni til átti hann einnig tilfallandi viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri. Bankinn keypti alls gjaldeyri fyrir 11,7 ma.kr. og seldi gjaldeyri fyrir um 144,4 ma.kr., þar af um 37 ma.kr. í reglubundinni sölu. Hlutdeild bankans í veltunni á millibankamark-



aði nam um 37% á árinu samanborið við 8% árið 2019. Heildarvelta á markaði jókst um 120% frá árinu 2019.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa tók að hækka tímabundið í mars 2020 í kjölfar fréttu um aukna lánsfjárförð ríkissjóðs. Þessi hækking kröfunnar gekk þó til baka í kjölfar yfirlýsingar peningastefnunnar um að bankinn myndi hefja kaup á ríkisskuldabréfum á eftirmarkaði. Ávöxtunarkrafa flestra óverðtryggðra ríkisbréfa var á bilinu 1,0-3,2% í lok árs og hafði lækkað um allt að 2 prósentur frá árslokum 2019. Verðtryggðir langtíma-vextir lækkuðu einnig framan af árinu en tóku að hækka á síðari hluta þess. Ávöxtunarkrafa lengstu verðtryggðu skuldabréfa ríkissjóðs var um 0,9% í lok árs eða allt að 0,4 prósentum lægri en á sama tíma árið áður.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að Seðlabankinn birtir meginspálíkan sitt og gagnagrunn þess á vef sínum.

Nánari umfjöllun um þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrimála og um stefnu og aðgerðir bankans á þessum sviðum á árinu má finna í fundargerðum peningastefnunnar og ritinu *Peningamál* sem var gefið út fjórum sinnum á árinu.

## Störf peningastefnunnar

Peningastefnunefnd var skipuð með nýjum hætti frá og með ársbyrjun 2020 þegar ný lög um Seðlabanka Íslands tóku gildi. Samkvæmt þeim er peningastefnunefnd skipuð seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra peningastefnu, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og tveimur ytri nefndarmönnum. Peningastefnunefndin var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, en seðlabankastjóri er samkvæmt lögum formaður nefndarinnar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands og Katrínu Ólafsdóttur, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Með nýjum lögum um Seðlabanka Íslands urðu m.a. þær breytingar á starfi peningastefnunnar að hún skal halda a.m.k. sex fundi á ári í stað átta áður. Peningastefnunefnd hélt tíu fundi á árinu 2020, þar af fjóra aukafundi, og gaf út yfirlýsingu um ákvörðun sína eftir hvern fund. Þá birti nefndin fundargerðir sínar opinberlega og gerði grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra hálfum mánuði eftir fund. Þar kom fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og



peningamálum, rökstuðningur nefndarmanna fyrir afstöðu sinni og upplýsingar um hvernig atkvæði skiptust. Í samræmi við ákvæði laganna gaf peningastefnunefnd Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á árinu.

## Ákvarðanir peningastefnunnar 2020

Ákvarðanir nefndarinnar um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum voru með eftirfarandi hætti:

5. febrúar: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir og Katrín Ólafsdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Gylfi Zoëga greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi halda vöxtum óbreyttum.

11. mars: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,50 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra. Jafnframt ákvað nefndin að lækka meðaltalsbindiskyldu innlánsstofnana úr 1% niður í 0% en föst bindiskylda yrði áfram 1%. Einnig kynnti seðlabankastjóri að bankinn myndi nýta heimild í lausafjárreglum til að telja mætti innlán bindiskyldra aðila á föstum bindireikningum í Seðlabankanum sem hágæðalausafjáreignir. Föst bindiskylda gæti þar með talist til lausafjárforða samkvæmt lausafjárreglum.

18. mars (aukafundur): Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,50 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

23. mars (aukafundur): Seðlabankastjóri lagði til að bankinn myndi hefja bein kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði. Allir nefndarmenn samþykktu tillöguna. Í framhaldinu lagði seðlabankastjóri til að bankinn fengi heimild til að kaupa ríkisbréf fyrir allt að 150 ma.kr. eða um 5% af vergri landsframleiðslu. Allir nefndarmenn samþykktu tillöguna.

8. apríl (aukafundur): Seðlabankastjóri óskaði eftir samþykki nefndarinnar fyrir því að bankinn setti á stofn sérstaka og tímabundna lánaþingreiðslu í formi veðlána þar sem veðlisti Seðlabanka Íslands í viðskiptum við fjármálafyrirtæki yrði útvíkkaður tímabundið. Allir nefndarmenn samþykktu þessa aðgerð.

20. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,75 prósentur. Seðlabankastjóri lagði einnig til að hætt yrði að bjóða eins mánaðar bundin innlán. Allir nefndarmenn studdu báðar tillögur seðlabankastjóra.

24. júní (aukafundur): Seðlabankastjóri lagði fram tillögu á sameiginlegum fundi peningastefnunefndar og fjármálastöðugleikaneftar um að Seðlabankinn myndi

útfæra sérstakan tímabundinn veðlánaramma stuðningslána á sömu kjörum og eru á sjö daga bundnum innlán-um hjá Seðlabankanum á hverjum tíma vegna sérstöðu stuðningslána með 100% ríkisábyrgð og þeirra aðstæðna sem uppi voru vegna faraldursins. Allir nefndarmenn samþykktu tillöguna.

26. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

7. október: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

18. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.



Peningastefnunefnd á árinu 2020. Frá vinstri eru Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, staðgengill formanns, Gylfi Zoëga, prófessor í Háskóla Íslands, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Katrín Ólafsdóttir, dósent í Háskólanum í Reykjavík og Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika.

# Fjármálastöðugleiki



Eitt af markmiðum Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið búi yfir nægum viðnámsþrótti til að standast áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, geti miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Seðlabankinn greinir og fylgist með stöðu fjármálakerfisins og greiðslumiðlunar og bregst við ef þörf er á til að vinna gegn þróun sem gæti grafið undan stöðugleika fjármálakerfisins. Bankinn fylgist jafnframt vel með stöðu einstakra lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja, ytri stöðu þjóðarbúsins, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur lögum samkvæmt ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans til að tryggja og varðveita fjármálastöðugleika.

Seðlabankanum er falið eftirlit með lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum settum á grundvelli þeirra, þ.á m. reglum nr. 784/2018, um gjaldeyrissjófnuð. Bankinn sinnir almennu og sértæku eftirliti með því að farið sé að lögum um gjaldeyrismál og reglum þar að lútandi og veitir leiðbeiningar. Þá sinnir Seðlabankinn eftirliti með lögum nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og reglum settum á grundvelli þeirra. Á árinu fór einnig fram heildarendurskoðun laga og reglna um gjaldeyrismál sem lauk með því að starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra skilaði af sér frumvarpi til nýrra laga um gjaldeyrismál. Í lok árs 2020 námu aflandskrónur, eins og þær eru skilgreindar í lögnum, um 26,6 ma.kr. (um 0,9% af VLF), en þær voru 59,1 ma.kr. (um 2,0% af VLF) í upphafi ársins.

Seðlabankinn hefur það að markmiði að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða íslensks fjármálakerfis, þ.e. kerfislega mikilvægra fjármálainnviða

og þar með fjármálastöðugleika. Á árinu var m.a. unnið að undirbúningi og gangsetningu nýrra kjarnainnviða. Annars vegar er um að ræða nýtt verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD sem tekið var í notkun í ágúst eftir sameiningu Nasdaq CSD á Íslandi við Nasdaq CSD SE og hins vegar nýtt millibankakerfi (MBK) Seðlabankans sem var gangsett í lok október. Umfangsmikil viðbúnaðaræfing fór fram í aðdraganda gangsetningar MBK og margvísleg samskipti áttu sér stað við aðila sem m.a. vörðuðu öflun upplýsinga vegna mats við gerð tillagna bankans til fjármála- og efnahagsráðherra til viðurkenningar á framangreindum kerfum samkvæmt lögum nr. 90/1999. Á árinu voru þáttökusamningar vegna hins nýja MBK Seðlabankans endurnýjaðir og reglur settar um starfsemi þess.

Á árinu 2019 var reglum um lausafjárhlutfall lánastofnana breytt þannig að innleitt er nýtt 50% lágmarks lausafjárhlutfall í íslenskum krónum. Miðað var við að innleiðingartími breytinganna yrði tvö ár, þ.e. að lágmarkshlutfall væri 30% á árinu 2020 og 40% á árinu 2021. Á árinu 2020 var innleiðingartíminn lengdur um eitt ár og gildir 30% hlutfallið út árið 2021, 40% hlutfall árið 2022 og 50% hlutfall tekur gildi í byrjun árs 2023.

Hinn 1. september 2020 tóku gildi lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Með lögnum var Seðlabankanum fengið skilavald (e. resolution authority) en í því felst heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skilauræða hjá fjármálfyrirtæki sem ekki getur eða mun ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Starfsemi skilavalds Seðlabanka Íslands skal skv. 4. gr. laganna vera aðgreind frá annarri starfsemi í skipulagi bankans, einkum fjármálaeftirliti. Skrifstofa skilavalds Seðlabanka Íslands tók formlega til starfa í nóvember 2020.

Skilavaldið semur skilaáætlanir fyrir fjármálafyrirtæki sem talin eru geta haft áhrif á fjármálastöðugleika við mögulegt gjaldþrot. Áætlanir verða einungis aðgengilegar skilavaldinu sjálfu en við gerð þeirra er byggt á upplýsingum frá viðkomandi fyrirtækjum og fjármálaeftirliti. Áætlanir byggjast á stefnumiðaðri viðskiptagreiningu sem felur í sér yfirsýn yfir alla mikilvæga og nauðsynlega starfsemi fjármálafyrirtækja. Í áætlunum skal ákvarða æskilegustu skilastefnu og tilgreina þær aðgerðir sem skilavaldið mun grípa til ef sú staða kemur upp að skilyrði skilameðferðar gilda um tiltekið félag.

## Þróun fjármálastöðugleika

Áhætta jókst í fjármálakerfinu á árinu 2020, fyrst og fremst vegna farsóttarinnar. Millilandaflug lagðist nánast af, auk þess sem nauðsynlegar sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda höfðu verulega neikvæð áhrif á ýmsa innlenda þjónustustarfsemi. Umsvif í ferðaþjónustu og ýmsum þjónustugeirum drógust því skyndilega mikið saman við lok fyrsta ársfjórðungs.

Stjórnvöld gripu til margvíslegra aðgerða til að mæta tekjufalli fyrirtækja og auknu atvinnuleysi, eins og tekjufalls-, viðspyrnu- og lokunarstyrkja, stuðnings- og viðbótarlána, og hlutastarfaleiðar. Jafnframt studdi Seðlabankinn við heimili og fyrirtæki með lækkingu vaxta. Aðgerðir Seðlabankans til að auka laust fé í umferð og aflétting kröfu um sveiflujöfnunarauka auðvelduðu fjármálafyrirtækjum að veita lántakendum greiðsluskjól og viðhalda útlánagetu.

Í lok árs 2020 var staða fjármálafyrirtækja sterk. Eiginfjár- og lausafjárstaða viðskiptabankanna var vel yfir kröfum Seðlabankans og allir voru þeir reknir með hagnaði á árinu þrátt fyrir umtalsvert aukna virðisrýrnun eigna.


Hagræðingaraðgerðir bankanna hafa skilað sér í lægri kostnaði og batnaði grunnrekstur þeirra þótt vaxtamunur hafi lækkað vegna lækkunar vaxta.

Vöxtur útlána bankakerfisins var nokkur á árinu 2020 sem endurspeglast í aukinni skuldsetningu heimila í kjölfar lækkunar vaxta og tilfærslu útlána frá öðrum lánveitendum, en lítils háttar samdráttur varð í útlánnum til fyrirtækja. Hlutfall lána í vanskilum breyttist lítið á árinu, en hluti útlána naut greiðsluúrræða. Einkum átti það við um útlán til fyrirtækja í ferðaþjónustu og annarri þjónustustarfsemi. Eftirspurn einstaklinga eftir greiðsluúrræðum var lítil.

Kjör bankanna á erlendri markaðsfjármögnun versnuðu umtalsvert í upphafi faraldursins en bötnuðu á ný í byrjun sumars og voru við lok árs svipuð og í byrjun árs. Bankarnir höfðu því í árslok greiðan aðgang að lausu fé bæði í krónum og erlendum gjaldmiðlum. Engar

Mynd III-1

Eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna<sup>1</sup>




1. Samstæður. Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni.

Heimildir: Ársreikningar viðskiptabanka.

Mynd III-2


Brottfarir erlendra ríkisborgara frá Keflavíkurflugvelli



Heimildir: Ferðamálastofa, Isavia.

Mynd III-3

Lausafjárhlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja<sup>1</sup>



1. Samstæður.

Heimild: Seðlabanki Íslands.



arðgreiðslur voru á árinu 2020, en til að styrkja viðnámsþrótt og styðja við eiginfjárlutföll íslensku bankanna hvatti fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans stjórnir fjármálaafyrirtækja til að fresta arðgreiðslum á meðan óvissa ríkti um áhrif faraldursins á hagkerfið. Eiginfjár- og vogunarhlutföll íslensku bankanna eru mjög há í alþjóðlegum samanburði.

Pótt óvissa og áhætta í fjármálakerfinu hafi aukist á árinu 2020, taldi fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans í yfirlýsingu sinni í desember að sveiflutengd kerfisáhætta hefði ekki aukist að neinu marki.

## Fjármálastöðugleikanefnd


Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur samkvæmt lögum ákvarðanir um beitingu stjórnstækja Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika. Verkefni nefndarinnar eru að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, bæði varðandi kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin skal fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið, í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika, og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til. Nefndin skal einnig samþykkja stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem henni er falið að taka með lögum. Þá skal nefndin ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

### Störf og ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar

Í fjármálastöðugleikanefnd sitja Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður nefndarinnar, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og staðgengill formanns, Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndís Ásbjarnardóttir, hagfræðingur hjá Hagstofu Íslands og Guðmundur Kristján Tómasson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálainniðnaðs hjá Seðlabanka Íslands. Þá situr fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fjármálastöðugleikanefnd skal samkvæmt lögum funda að minnsta kosti fjórum sinnum á ári. Á árinu 2020 fundaði nefndin sex sinnum. Aukafundur nefndarinnar komu til annars vegar vegna þess að um fyrsta starfsár nefndarinnar var að ræða og setja þurfti nefndinni starfsreglur og hins vegar vegna COVID-19-heimsfaraldursins og viðbragða við afleiðingum hans.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 10. mars og setti nefndin sér þá starfsreglur líkt og lög bankans kveða



á um, auk þess sem ræddar voru breyttar efnahagshorfur í kjölfar farsóttarinnar og fyrstu viðbrögð stjórnvalda í tengslum við hana voru kynnt.

Annar fundur nefndarinnar var haldinn 16. mars. Á þeim fundi ákvað nefndin að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka á fjármálaafyrirtæki. Í ákvörðun nefndarinnar kom einnig fram að hún myndi ekki hækka sveiflujöfnunaraukann á næstu 12 mánuðum og yrði hann því óbreyttur samkvæmt þeim reglum sem um hann gilda a.m.k. fram á fyrsta ársfjórðung 2022.

Á þriðja fundi fjármálastöðugleikanefndar 31. mars lauk nefndin endurmati á eiginfjáruka vegna kerfisáhættu og kerfislegs mikilvægis og var niðurstaðan sú að báðum aukunum yrði haldið óbreyttum og stóru viðskiptabankarnir þrír yrðu áfram skilgreindir sem kerfislega mikilvægir. Einnig beindi nefndin tilmælum til seðlabankastjóra um að setja á stofn sérstaka og tímabundna lánaafyrirgreiðslu við fjármálaafyrirtæki.

Á fjórða fundi nefndarinnar 22. og 23. júní ákvað nefndin að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum. Hluti fundarins var sameiginlegur fundur fjármálastöðugleika- og peningastefnunefndar og var í kjölfarið birt sameiginleg yfirlýsing um sérstakan og tímabundinn veðlánaramma stuðningslána, en fjármálastöðugleikanefnd samþykkti á fundi sínum að Seðlabankinn útfærði slíkan veðlánaramma til að fjármagna stuðningslán með 100% ríkisábyrgð.

Nefndin ákvað á fimmta fundi sínum 21. og 22. september að halda sveiflujöfnunaraukanum óbreyttum.

Á sjötta og síðasta fundi ársins 14. og 15. desember ákvað nefndin að nýtt millibankakerfi Seðlabankans og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CDS SE teldust til

kerfislega mikilvægra innviða og að sveiflujöfnunaraukanum yrði haldið óbreyttum í 0%.

Nefndin birti ákvarðanir sínar opinberlega eftir hvern fund með yfirlýsingu og gerði þar grein fyrir beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika ásamt mati sínu á ástandi og horfum í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Fundargerðir nefndarinnar eru birtar opinberlega.

Nánari umfjöllun um fjármálastöðugleika og um stefnu og aðgerðir bankans á þessu sviði má finna í fundargerðum fjármálastöðugleikanefndar og í ritinu *Fjármálastöðugleika* sem gefið var út tvisvar á árinu.



Fjármálastöðugleikanefnd á árinu 2020. Talið í fremri röð frá vinstri eru Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, staðgengill formanns, og Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Stándandi frá vinstri eru Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar, Bryndís Ásbjarnardóttir, hagfræðingur hjá Hagstofu Íslands, Guðmundur Kristján Tómasson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands, og Axel Hall, lektor í Háskólanum í Reykjavík.

# Fjármálaeftirlit



Seðlabanki Íslands skal stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabankinn fer með þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Bankinn fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að hún sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, samanber lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá fylgist bankinn með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila taki mið af neytendavernd.

## Fjármálaeftirlitsnefnd

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin getur framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt til töku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar.

Á árinu 2020 hélt fjármálaeftirlitsnefnd tíu fundi en auk þess tók nefndin níu mál til meðferðar utan funda eins og henni er heimilt að gera.

Í fjármálaeftirlitsnefnd sitja Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, Ásta Þórarinsdóttir, hagfræðingur, Andri Fannar Bergþórsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits gegna báðir formennsku í nefndinni en við mismunandi kringumstæður eins og greint er frá í lögnum um bankann. Seðlabankastjóri tekur sæti í nefndinni og er formaður hennar þegar teknar eru ákvarðanir um setningu starfsreglna nefndarinnar, framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits sem og ákvarðanir sem varða eigið fé,

laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og er þá varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits staðgengill hans.

Í tilvikum annarra ákvarðana nefndarinnar er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður hennar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans.

## Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Undir eftirlit Seðlabanka Íslands með fjármálafyrirtækjum fellur eftirlit með viðskiptabönkum, sparisjóðum, lána- fyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum, greiðslustofnunum og rafeyrisfyrirtækjum.

Reglubundið eftirlit með fjármálafyrirtækjum var í samræmi við grunneftirlitslíkan Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins) sem skilgreinir með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar og felur í sér yfirferð gagna og skýrslna í reglubundnum skilum fjármálafyrirtækja auk rýni á lykilmælikvörðum. Gagnasöfnun upplýsinga um fjármálamarkaði tekur mið af evrópskum tæknistöðlum auk séríslenskra skýrslna, en þær varða einkum rekstur, efnahag, lánasöfn fjármálafyrirtækja og upplýsingar um gæði eigna.

COVID-19-faraldurinn og aðgerðir honum tengdar settu mark sitt á eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja á árinu. Í upphafi heimsfaraldursins hvöttu Evrópska bankaftirlitsstofnunin (EBA) og eftirlitsstjórnvöld í Evrópu lánastofnanir til að nýta sér það svigrúm sem er til staðar í regluverkinu til að draga úr sveiflumagnandi áhrifum faraldursins á hagkerfið, enda er mikilvægt að einstaklingar og fyrirtæki hafi greiðan aðgang að fjármögnun.

Innlendar lánastofnanir veittu viðtækt almennt greiðsluhlé til að styðja við fyrirtæki og einstaklinga á grundvelli samkomulags sín á milli, sem undirritað var í lok mars á síðasta ári. Samarið 2020 voru nálægt 13% af heildarútlánnum kerfislega mikilvægu bankanna (KMB) í greiðsluhléi, en hlutfallið lækkaði verulega þegar leið á árið.

Lán með úrræðið virkt voru almennt í skilum í lok árs 2020, í samræmi við viðmiðunarreglur EBA, sem gefnar voru út til að bregðast við áhrifum af útbreiðslu heimsfaraldursins. Töluverð aukning varð á umfangi fyrirtækjalána sem skráð voru með ívilnun, eftir að almennu greiðsluhléi lauk. Um er að ræða fyrirtæki sem teljast hafa hlotið tilslakanir (t.a.m. áframhaldandi greiðsluhlé), sem rekja má til fjárhagslegra erfiðleika.

Rekstraráhætta fékk aukið vægi á árinu við framkvæmd áhættumats, sem rekja má annars vegar til aukinnar fjarvinnu í kjölfar faraldursins og hins vegar aukinnar áherslu á eftirlitsaðgerðir tengdar faraldrinum. Könnuð voru áhrif faraldursins á mönnun fjármálafyrirtækja sem og hvernig viðbragðsáætlunum var beitt til að mæta faraldrinum. Einnig var skoðað hvernig fjármálafyrirtæki standa að netöryggisvörnum með áherslu á varnir vegna fjarvinnu og nýrra rafrænna lausna.

### Könnunar- og matsferli (SREP)

SREP-ferli kerfislega mikilvægra banka var þegar hafið þegar COVID-19-faraldrinn barst til landsins í byrjun árs 2020. Fjármálaeftirlitsnefnd sendi frá sér yfirlýsingu í apríl 2020 þar sem greint var frá að yfir stæði árlegt könnunar- og matsferli hjá kerfislega mikilvægum bönkum (SREP). Í ljósi yfirstandandi erfiðleika myndu endanlegar ákvarðanir um eiginfjárbörf væntanlega miðast við uppgjör síðar á árinu fremur en árslok 2019. Þá yrði ekki að svo stöddu framkvæmt hefðbundið álagspróf í tengslum við yfirstandandi SREP-ferli.

Í september 2020 ákvað fjármálaeftirlitsnefnd að niðurstaða úr SREP-ferli 2019 um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn (stoð II-R) skyldi standa óbreytt. Áfram yrði grannt fylgst með þróun helstu áhættuþátta í starfsemi bankanna. Ef ástæða þætti til yrði viðbótarkrafan endurskoðuð, þó ekki síðar en í SREP-ferli 2021. Þá ákvað fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans í mars að afnema 2% sveiflujöfnunaraukann.

Auk mats á nauðsyn viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn er í SREP-ferlinu lagt mat á þætti eins og lífvænleika og sjálfbærni viðskiptalíkans, stjórnarhætti, rekstraráhættu, stýringu banka á útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og lausafjár- og fjármögnunaráhættu. Þótt ákveðið hefði verið að viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn stæði óbreytt var ábendingum

og athugasemdum er varða fyrrnefnda áhættuþætti komið á framfæri við bankana undir lok árs 2020.

### Endurbótaáætlanir

KMB skiluðu í þriðja sinn endurbótaáætlunum í lok árs 2020 og verður farið yfir þær á árinu 2021. Önnur fjármálafyrirtæki skiluðu einfaldri endurbótaáætlun í fyrsta skipti í október 2020.

## Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum var í samræmi við grunneftirlitslíkan sem skilgreinir með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri félaganna skuli teknir til athugunar.

Farið var yfir eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) váttryggingafélaganna auk þess sem tekin voru viðtöl við tiltekna lykilstarfsmenn þeirra. Framkvæmdar voru sér- tækar athuganir hjá váttryggingafélögum þar sem sjálfs- mat stjórnar var m.a. tekið til athugunar og ferli við fjárfestingu í sérhæfðum og/eða óskráðum eignum skoðað.

Váttryggingafélög skulu birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (e. SFCR) og jafnframt skila til Fjármálaeftirlitsins reglubundinni eftirlitsskýrslu (e. RSR). Þessi upplýsingagjöf er hluti af samræmdum gagnaskilum og opinberri upplýsingagjöf samkvæmt þriðju stoð í Solvency II-regluverkinu. Á árinu 2020 tók Fjármálaeftirlitið afmarkaða kafla skýrslanna til skoðunar og veitti váttryggingafélögum endurgjöf. Einnig voru valdir þættir í útreikningi á gjaldþolskröfu teknir til athugunar.

Þá tók Fjármálaeftirlitið þátt í upplýsingaöflun vegna ráðgjafar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tengslum við endurskoðun á Solvency II-regluverkinu. Upplýsingaöflun þessi er liður í að meta áhrif tillagna EIOPA á gjaldþolsstöðu váttryggingafélaga.

Fylgst var náið með framvindu í starfsemi á váttryggingamarkaði í tengslum við COVID-19. Vegna óvissu um áhrif bæði til skemmri og lengri tíma hvatti Fjármálaeftirlitið váttryggingafélög til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að styrkja viðnámsprótt sinn.

## Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum var í samræmi við grunneftirlitslíkan Fjármálaeftirlitsins sem skilgreinir með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri sjóðanna skuli teknir til athugunar. Með reglubundnu eftirliti er fylgst með fylgni lífeyrissjóða við lög og reglur. Við eftirlit komu



í ljós brot fjögurra sjóða á fjárfestingarheimildum. Þá var einnig ráðist í sértæka mánaðarlega gagnasöfnun vegna COVID-19-faraldursins.

Farið var yfir eigið áhættumat sjóðanna auk þess sem tekin voru viðtöl við tiltekna lykilstarfsmenn. Fjármálaeftirlitið kannaði einnig fjárfestingarferli tiltekinnna lífeyrissjóða. Áhersla var lögð á að skoða hvernig ákvörðun og eftirfylgni væri háttað og hvort lífeyrissjóðir hefðu skjalfest fjárfestingarferli sitt með viðunandi hætti fyrir sérhæfða fjárfestingu. Þá var skoðað hvernig aðkomu og eftirliti stjórnar, fjárfestingaráðs og áhættustýringar að fjárfestingarferlinu væri háttað.

Fjármálaeftirlitið lagði töluverða áherslu á stjórnarhætti lífeyrissjóða í störfum sínum á árinu, en meðal þeirra atriða sem voru skoðuð voru eftirlitshlutverk stjórnar, samskipti stjórnar við áhættustjóra og innri endurskoðanda og sjálfsmat stjórna lífeyrissjóðanna. Að gefnu tilefni var könnuð aðkoma stjórna nokkurra lífeyrissjóða að ákvörðunum um tiltekna fjárfestingu og stjórnarhætti í tengslum við þær.

Fylgst var náið með framvindu í starfsemi lífeyrissjóða í tengslum við COVID-19. Lífeyrissjóðir og vörsluáðilar séreignarsparnaðar aðlöguðu starfsemi sína að breyttu starfsumhverfi til að tryggja að sem minnst röskun yrði á þjónustu við sjóðfélaga.

## Eftirlit með mörkuðum og viðskiptaháttum

Verðbréfamarkaðseftirlit og eftirlit með viðskiptaháttum var á margan hátt litað af áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins á árinu 2020, en auk breytinga í starfsumhverfi leiddi heimsfaraldurinn til aukinnar upplýsingagjafar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Auk þess hafa áhrif faraldursins á útgefendur verðbréfa verið merkjanleg í þeim viðfangsefnum sem fengist hefur verið við.

### Eftirlit með verðbréfamarkaði

Af þeim málum sem komu til skoðunar á verðbréfamarkaði var 33 lokið á árinu, velflestum án aðgerða en nokkrum málum var þó lokið með athugasemd, sátt, eða sekt. Af framangreindum málum vörðuðu 15 upplýsingaskyldu útgefanda, 9 möguleg innherjasvik og 5 mögulega markaðsmisnotkun en 4 mál vörðuðu aðra málaflokka.

Meðal umfangsmestu verkefna á árinu 2020 má nefna staðfestingu lýsinga og eftirlit með útboðum og fjárhagslegt eftirlit með sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem og rekstrarfélögum sem þá reka. Líkt og fyrri ár var mikil vinna lögð í innleiðingu nýrrar löggjafar á

verðbréfamarkaði. Samhliða nýrri löggjöf fjölgaði ýmsum eftirlitsverkefnum en áberandi var að utanumhald og eftirlit með skýrsluskilum eftirlitsskyldra aðila óx umtalsvert og var gert ráð fyrir að aukin áhersla yrði lögð á verkefni tengd skýrsluskilum. Þá voru verkefni sem tengjast eftirliti með hegðun aðila á markaði fyrirferðarmikil á árinu 2020, svo sem eftirlit með upplýsingagjöf útgefenda, markaðsmisnotkun og innherjasvikum. Virk þátttaka var í alþjóðasamstarfi og átti bankinn fulltrúa í ýmsum nefndum á vegum ESMA sem og fulltrúa í eftirlitsnefnd um starfsemi Nasdaq CSD-verðbréfamíðstöðvarinnar í Lettlandi sem sinnir verðbréfauppgjöri á Íslandi og í Eyrstrasaltsríkjunum. Jafnframt átti bankinn fulltrúa í norrænni eftirlitsnefnd með starfsemi Nasdaq-kauphallanna á Norðurlöndunum.

Á árinu 2020 rann Nasdaq-verðbréfamíðstöðin á Íslandi inn í Nasdaq CSD SE, sem er verðbréfamíðstöð með starfsleyfi í Lettlandi og rekur verðbréfauppgjörskerfi á Íslandi í gegnum útibú. Nasdaq CSD SE rekur verðbréfauppgjörskerfi með sambærilegum hætti í Eyrstrasaltsríkjunum.

Á árinu voru mál tengd yfirtökum á skráðum hlutfélögum talsvert fyrirferðarmeiri en fyrri ár.

### Eftirlit með viðskiptaháttum

Í eftirliti með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila og málefnum neytenda eru m.a. gerðar sértækar athuganir sem snúa t.d. að upplýsingagjöf til viðskiptavina, skyldum við sölu og dreifingu afurða, framsetningu markaðsefnis og kröfum sem gerðar eru til innri reglna og verklags eftirlitsskyldra aðila, tengdum viðskiptaháttum og neytendum. Þá er m.a. unnið að greiningu á fjárfestingarkostum almennra fjárfesta.

Tekið er á móti fyrirspurnum, ábendingum og kvörtunum frá almenningi um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila en Fjármálaeftirlitið sinnir upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki vegna þeirra. Þá nýtast slíkar ábendingar um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila vel til að greina mögulega áhættu og vandamál og geta þær leitt til sértækra athugana Fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2020 bárust 246 erindi er vörðuðu viðskiptahætti á fjármálamarkaði.

## Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir eru ein þeirra aðferða sem beitt er til að sinna lögbundnu eftirliti. Markmið vettvangsathugana er að greina með ítarlegum hætti áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og leggja mat á viðskiptalíkön, stjórnarhætti og innri eftirlitskerfi þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifa-

vægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats en jafnframt er tekið mið af stærð, starfsemi og áhættusniði eftirlitsskyldra aðila.

Heimsfaraldur COVID-19 hafði talsverð áhrif á vettvangsathuganir sem fyrirhugaðar voru á árinu. Ekki var hægt að framkvæma hluta þeirra á vettvangi. Þess í stað fóru þær að nokkru fram í gegnum fjárfundarbúnað þar sem fundað var með fulltrúum eftirlitsskyldra aðila. Auk þess var ákveðið að fresta nokkrum athugunum sem höfðu verið áætlaðar á árinu svo að eftirlitsskyldir aðilar hefðu meira svigrúm til að takast á við aðkallandi verkefni vegna áhrifa faraldursins.

Fjármálaeftirlitið lauk 18 vettvangsathugunum á árinu 2020. Lögð var áhersla á athuganir sem snéru að aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, ásamt athugunum er tengdust útlánaáhættu og rekstraráhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og innri eftirlitakerfum þeirra.

## Hæfismat, virkir eignarhlutir og starfsleyfi

### Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Ávallt er það þó á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi hæfisskilyrðum laga og reglna. Seðlabankinn lagði mat á hæfi 105 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2020. Í langflestum tilvikum var um að ræða stjórnarmenn. Heimsfaraldur COVID-19 hafði þau áhrif að ekki tókst að taka viðtöl við nokkurn fjölda stjórnarmanna og því tókst ekki að ljúka þeim hæfismötum á árinu en stefnt er að því að ljúka þeim á fyrri hluta ársins 2021.

### Virkir eignarhlutir

Seðlabankinn metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum. Nokkuð var um breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2020. Afgreiddar voru tilkynningar um virka eignarhluti í sex eftirlitsskyldum aðilum á árinu.

### Starfsleyfi og aðrar leyfisveitingar

Mikið var um breytingar tengdar starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2020. Á meðal nýrra starfsleyfa sem veitt voru var starfsleyfi sem greiðslustofnun og váttryggingamiðlari, tvö innheimtuleyfi og tvær skráningar sem þjónustuveitandi viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris

og gjaldmiðla. Auk þess voru veitt níu starfsleyfi og sjö skráningar í kjölfar gildistöku nýrra laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Starfsleyfi lánaþyrntækis var afturkallað auk þess sem skráning lánveitanda var afskráð og innheimtuleyfi var fellt niður.

## Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 82 talsins í árslok 2020 og hafði þeim fjölgað um tíu frá árinu 2019. Fjármálaeftirlitið framkvæmdi 64 athuganir á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á árinu 2020. Þar af voru vettvangsathuganir tengdar málaflöknum fjórar talsins. Aðrar athuganir vörðuðu fylgni við lög um frystingu fjármuna þar sem kannað var hvernig eftirliti tengdu aðilum á þvingunarlistum hefði verið háttáð.

Í apríl 2020 beindi Fjármálaeftirlitið tilmælum til tilkynningarskyldra aðila vegna heimsfaraldurs COVID-19. Þar var áréttað að þeir skyldu halda áfram að sinna aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og vera vel á verði gagnvart nýjum aðferðum og leiðum til peningabættis í starfsemi sinni vegna breytts efnahagsástands.

Í október 2020 ákvað Financial Action Task Force (FATF), alþjóðlegur fjármálaaðgerðahópur ríkja um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, að taka Ísland af lista yfir ríki sem sættu aukinni eftirfylgni vegna ófullnægjandi varna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ákvörðunin var tekin í kjölfar vettvangsathugunar sem fram fór hér á landi í september 2020, þar sem staðfest var að íslensk stjórnvöld hefðu lokið við þær aðgerðir sem þeim var gert að grípa til í því skyni að komast af umræddum lista en umfangsmikið úrbótaferli af hálfu íslenskra stjórnvalda hafði staðið yfir frá apríl 2018. Seðlabankinn og önnur stjórnvöld munu áfram vinna að því að efla varnir hér á landi gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tvívegis meðan á hinni auknu eftirfylgni stóð var kannað hvort ákvörðun FATF hefði haft áhrif á starfsemi eftirlitsskyldra aðila og ef svo væri hver áhrifin hefðu verið. Af svörum eftirlitsskyldra aðila mátti álykta að áhrif af ákvörðun FATF hefðu verið mjög takmörkuð á tímabilinu.

## Mál sem lauk með viðurlögum á árinu 2020

Á árinu 2020 lauk Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fjórum málum um brot með samkomulagi um sátt við málsaðila um greiðslu sektarfjárhæðar. Þá tók fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar vegna brota í þremur málum. Um var að ræða sektarfjárhæðir á bilinu 850 þúsund krónur til 87,7 milljónir króna, samtals ríflega 140 milljónir króna. Sektir sem lagðar eru á af Seðlabankanum renna í ríkissjóð. Tvær þeirra ákvarðana sem teknar voru um álagningu stjórnvaldssekta hafa ratað til dómstóla þar sem gerð er krafa um ógildingu þeirra. Nánar er fjallað um viðurlög og annað er tengist þessum málaflokki í ritinu *Fjármálaeftirlit*.

Tölur sem sýna fjölda aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og starfsemi erlendra aðila á Íslandi er að finna aftar í ársskýrslunni í tölum nr. 10 og 11 á síðu 94 og 95.



Fjármálaeftirlitsnefnd á árinu 2020: Sitjandi frá vinstri eru Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Standandi frá vinstri eru Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Andri Fannar Bergþórsson, lektor í Háskólanum í Reykjavík og Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur. Seðlabankastjóri tekur sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður nefndarinnar þegar ákvarðanir um setningu starfsreglna nefndarinnar eru teknar, ákvarðanir um framsal valds til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, sem og ákvarðanir sem varða eigið fé, laust fé og fjármögnun kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits þá staðgengill formanns. Í tilvikum annarra ákvarðana nefndarinnar er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður hennar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans.



# Önnur viðfangsefni



## Gjaldeyrisforði

### Hlutverk gjaldeyrisforða


Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisforða og stýrir honum í samræmi við markmið og hlutverk bankans, samanber lög nr. 92/2019. Í gjaldeyrisforða eru erlendar eignir Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum: innstæður í erlendum bönkum, skuldabréf, sérstök dráttarréttindi og inneign hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gull og aðrar erlendar eignir.

Hlutverk gjaldeyrisforða er fjórþætt: Í fyrsta lagi að draga úr áhrifum sveiflna í greiðslujöfnuði landsins. Í öðru lagi að minnka líkur á að fjármagnshreyfingar til og frá landinu raski fjármálastöðugleika. Í þriðja lagi er forðinn þáttur í eigna- og skuldastýringu ríkissjóðs og Seðlabankans með það að markmiði að íslenska ríkið geti staðið skil á erlendum skuldum sínum, greitt erlend útgjöld og staðið við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. Í fjórða lagi er gjaldeyrisforði öryggissjóður sem hægt er að grípa til vegna áfalla.

Æskileg stærð gjaldeyrisforða ræðst hverju sinni meðal annars af erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins, stefnu í peningamálum, uppbyggingu og stöðu fjármála-kerfis, umfangi utanríkisviðskipta og fjármagnsflæði til og frá landinu.

### Þróun gjaldeyrisforða 2020

Í árslok 2020 nam gjaldeyrisforðinn um 817 ma.kr., jafnvirði 6,4 ma. Bandaríkjadala, og minnkaði um 5 ma.kr. á árinu. Það sem helst skýrir minnkun forðans voru inngríp á gjaldeyrismarkaði að jafnvirði 133 ma.kr. og afborganir af erlendum lánum ríkissjóðs, sem voru 2 ma.kr. Önnur gjaldeyrisviðskipti minnkuðu forðann um 5 ma.kr. Á móti vó útgáfa ríkisins á skuldabréfi á alþjóðlegum markaði





í júní að fjárhæð 500 milljónir evra en jafnframt var alþjóðlegt skuldabréf á gjalddaga í júlí að fjárhæð 292 milljónir evra. Heildaráhrif þessa á forða voru jákvæð um 30 ma.kr.

Í árslok nam gjaldeyrisforði um 28% af vergri landsframleiðslu ársins 2020, 38% af peningamagni og sparifé (M3) og samsvaraði innflutningi vöru og þjónustu í 9 mánuði.

### Afkoma og ávöxtun

Afkoma bankans af rekstri gjaldeyrisforða var jákvæð um 105 ma.kr. á árinu 2020 sem skýrist að mestu af veikingu krónunnar, en bókfærður gengismunur var jákvæður um 89 ma.kr. Nettóvaxtatekjur af gjaldeyrisforða voru jákvæðar um 6 ma.kr. og bókfærðar breytingar á markaðsverði verðbréfa juku forðann um 10 ma.kr. Á árinu var ávöxtun á skuldabréfum og innstæðum 1,8% án áhrifa gengismunar.


### Varðveisla

Starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða eru settar með vísan til 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 92/2019. Reglurnar eru settar af seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum. Í starfsreglunum er fjallað um helstu atriði varðandi varðveislu gjaldeyrisforða, m.a. um tilgang, skipulag, heimila fjárfestingu og ytri mörk ásættanlegrar áhættu.

Varðveisla gjaldeyrisforðans felur í sér að Seðlabankinn tekur áhættu sem þarf að stýra. Megináhættan snýr að því að bankinn verði ófær um að beita forðanum til að ná markmiðum sínum eða sinna hlutverki sínu sem seðlabanki. Gjaldveisla er hins vegar sú áhætta sem hefur mest áhrif á efnahag bankans. Forðinn er í erlendum gjaldmiðlum en skuldir bankans að mestu í íslenskum krónum. Því hafa gengisbreytingar mikil áhrif á tekjur og gjöld bankans og virði eigna og skulda reiknað í krónum. Óinnleystar tekjur og óinnleyst gjöld, þ.m.t. gengismunur, eru færð í varasjóð og ekki greitt framlag af þeim í ríkissjóð. Það er gert til að fyrirbyggja greiðslur til ríkissjóðs af hagnaði sem hugsanlega mun aldrei raungerast og gæti með tímanum haft veruleg neikvæð áhrif á efnahag bankans.


Stór hluti gjaldeyrisforðans er í erlendum verðbréfum. Í árslok 2020 námu þau um 80% af forðanum. Innlán námu um 14% forðans en þau voru að langmestu leyti í seðlabönkum. Gulleign bankans var óbreytt að magni til á milli ára og var virði hennar 15,4 ma.kr. eða um 1,9% af forða í árslok. Gjaldveislaforðu bankans, þ.e. eignir bankans í erlendum gjaldeyri að frádrögnum skuldum í erlendum gjaldeyri, var jákvæður

Mynd V-3  
Gjaldmiðlaskipting gjaldeyrisjafnaðar



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-4  
Efnahagur Seðlabanka Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands.

um 572 ma.kr. í lok árs 2020. Það samsvarar 4,5 ma. Bandaríkjadala.

Við stýringu gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir vera ríkisskuldabréf í eigin gjaldmiðli ríkis sem gefin eru út í Bandaríkjadöllum og evrum, innstæður hjá seðlabönkum þessara ríkja eða Alþjóðagreiðslubankanum. Lánshæfiseinkunn útgefenda þarf að vera að lágmarki AA til að verðbréfaútgáfur geti fallið í flokk mjög seljanlegra eigna. Slíkar eignir voru 53% af gjaldeyrisforðanum í lok árs 2020.

Á mynd V-2 má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2020 eftir löndum og gjaldmiðlum. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með samstæðureikningi.

## Lánamál ríkissjóðs

### Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér samkvæmt samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaup og innlausn ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og hefur umsjón með verðbréfalánnum til aðalmiðlara. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annist útgáfu markaðsverðbréfa ríkissjóðs og verkefni tengd ríkisábyrgðum og endurlánnum. Þá sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána ríkissjóðs.

### Innlend lánamál

Ársáætlun Lánamála ríkissjóðs fyrir árið 2020 gerði ráð fyrir að útgáfa ríkisbréfa myndi nema 40 ma.kr. Fjárpörf ríkissjóðs jókst hins vegar umtalsvert vegna efnahagslegs samdráttar í kjölfar COVID-19-faraldursins og voru fimm frumvörp til fjárukalaga lögð fram á Alþingi á árinu. Ríkissjóður ákvað í upphafi faraldurs að beita öllu afli í baráttu við vágestinn og afleiðingar hans þannig að áætluð fjárpörf ríkissjóðs jókst til muna og í lok árs nam útgáfa ríkissjóðs 163,5 ma.kr. að nafnvirði eða 182,5 ma.kr. að söluvirði.

Á árinu var ríkisbréfaflokkurinn RIKB 20 0205 á gjalddaga og nam útistandandi fjárhæð tæpum 57 ma.kr. Útgáfa á nýjum tveggja ára ríkisbréfaflokki, RIKB 23 0515, var flýtt um eitt ár til að mæta aukinni fjárpörf ríkissjóðs. Viðtökur við flokknum voru góðar á árinu og nam útistandandi fjárhæð hans 62,5 ma.kr. að söluvirði í lok árs.


Til að jafna endurgreiðsluferil ríkissjóðs voru haldin skiptiútboð á árinu þar sem ríkissjóður keypti til baka ríkisbréfaflokkinn RIKS 21 0414 gegn sölu á RIKB 22 1026 og RIKS 26 0216 fyrir 7,7 ma.kr. að söluvirði.

Á sama tíma og fréttir bárust af COVID-19-faraldrinum myndaðist mikill kaupþrýstingur á verðtryggð ríkisbréf, m.a. vegna verkfallsaðgerða og titrings á erlendum mörkuðum eftir að farsóttin braust út. Þessar aðstæður höfðu tímabundin neikvæð áhrif á innlendan hlutabréfamarkað og keyptu fjárfestar frekar innlend ríkisskuldabréf. Undir lok fyrsta ársfjórðungs tilkynnti Ríkissjóður Íslands um skuldabréfaútgáfu fyrir allt að 40 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi til að fjármagna yfirvofandi halla. Tilkynningin olli skarpri kröfuhækkun á lengri enda ríkisverðbréfa.

Á þriðja ársfjórðungi tilkynnti Ríkissjóður Íslands um útgáfu ríkisbréfa fyrir allt að 60 ma.kr. til að mæta efnahagslegum afleiðingum faraldursins. Þegar leið á

Mynd V-5


Skipting lánasafns ríkissjóðs  
í lok árs 2020



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-6


Óverðtryggð ríkisbréf styttri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-7

Óverðtryggð ríkisbréf lengri en 5 ár



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Þriðja ársfjórðung varð ljóst að fjárförf ríkissjóðs yrði meiri en talið hafði verið og tilkynnti ríkissjóður undir lok fjórðungsins að útgáfa hans á fjórða ársfjórðungi myndi nema allt að 70 ma.kr. Óverðtryggða krafan tók því að stíga enda ljóst að mun meira framboð yrði af ríkisbréf-um en áður var talið.

Á fjórða ársfjórðungi hélt ávöxtunarkrafa ríkisbréfa áfram að hækka sem einna helst mátti rekja til aukins framboðs þeirra sem og til sölu eins stærsta erlenda eiganda bréfanna á bréfum sínum. Í lok árs námu innlendar skuldir ríkissjóðs 979 ma.kr., þar af voru verðtryggðar skuldir 290 ma.kr.

### Erlend lánamál

Samkvæmt *Stefnu í lánamálum ríkisins 2020-2024* eru lán ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum fyrst og fremst tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, til að endurfjármagna útistandandi markaðsútgáfur og til að viðhalda aðgengi að erlendum mörkuðum.

Á árinu 2020 gaf ríkissjóður út nýtt skuldabréf í evrum að fjárhæð 500 milljónir evra. Skuldabréfin bera 0,625% fasta vexti og voru gefin út til 6 ára á ávöxtunarkröfunni 0,667%. Í júlí var á gjalddaga markaðs-skuldabréf ríkissjóðs útgefið í evrum árið 2014 og nam útgáfufjárhæð 750 milljónum evra. Vegna uppkaupa árið 2017 námu eftirstöðvar bréfsins einungis 292 milljónum evra. Í lok árs námu erlendar skuldir ríkissjóðs tæpum 246 ma.kr.


### Ríkisábyrgðir

Seðlabanki Íslands sinnir verkefnum í tengslum við ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Ríkisábyrgðasjóður hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar með slíkri ábyrgð. Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að ÍL-sjóði. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2020 námu 897 ma.kr. en voru 920 ma.kr. í árslok 2019.

### Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs


Mat á lánshæfi Ríkissjóðs Íslands hefur áhrif á lánskjör hans á alþjóðlegum fjármálamörkuðum en setur einnig viðmið fyrir kjör annarra innlendra lántakenda. Þrjú alþjóðleg matsfyrirtæki meta reglulega lánshæfi ríkissjóðs, Fitch Ratings, Moody's Investors Service og S&P Global Ratings. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum og innlendum gjaldmiðli var í miðjum A-flokki hjá öllum matsfyrirtækjum í árslok 2020.

Mynd V-8  
Verðtryggð ríkisbréf




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-9  
Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-10  
Próun skulda ríkissjóðs



Heimild: Seðlabanki Íslands.





Fitch staðfesti í maí A langtímaeinkunn ríkissjóðs en breytti horfum í neikvæðar. Breytingin í horfum endurspeglar veikari hagvaxtarhorfur, áhrif kórónuveirufaraldursins á fjármál hins opinbera og hættu á að áhrif faraldursins á efnahagslíf yrðu meiri en spáð væri. Fitch staðfesti óbreytta láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs með neikvæðum horfum í október.

Moody's staðfesti A2 láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs með stöðugum horfum í apríl. Þar kom fram að sterk eignastaða, traustar stofnanir og viðnámsþróttur efnahagslífsins myndu styðja við láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs í gegnum töluverð en tímabundin áhrif faraldursins á þjóðarhag og ríkisfjármál. Moody's staðfesti aftur láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs með stöðugum horfum í október.

S&P staðfesti í maí óbreytta A/A-1 láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs með stöðugum horfum. Matsfyrirtækið sagði stöðugar horfur endurspeglar sterka stöðu þjóðarbúsins, hvort tveggja á sviði ríkisfjármála og ytri stöðu sem myndi veita stjórnvöldum svigrúm til að takast á við áfallið vegna COVID-19 og þá áhættu sem því myndi fylgja. S&P staðfesti láns-hæfiseinkunnir ríkissjóðs að nýju í október.

## Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands á fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu. Í ljósi þess ástands sem skapaðist af völdum COVID-19-heimsfaraldursins voru fundir með öllum helstu erlendu samstarfsaðilum Seðlabankans haldnir í gegnum fjárfundabúnað á árinu.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands fer með formleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir Íslands hönd. Sendinefnd

frá sjóðnum átti viðræður við íslensk stjórnvöld á árinu um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum og um viðbrögð við COVID-19-faraldrinum. Árleg skýrsla sjóðsins um Ísland var ekki gefin út vegna faraldursins en sjóðurinn veitti aðildarlöndum óformlega ráðgjöf og studdi sérstaklega við lönd sem urðu mjög illa úti af völdum heimsfaraldursins.

Ísland starfar með Norður- og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Löndin eiga einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Finninn Mika Pösö var fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórninni árið 2020. Skrifstofa kjördæmisins tekur árlega saman greinargerð um þau mál sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar á árinu og afstöðu kjördæmisins til þeirra. Greinargerðirnar eru birtar m.a. á heimasíðu Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) hélt að venju tvo fundi á árinu. Seðlabankastjóri er fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Board of Governors) sem kemur saman á ársfundi sjóðsins. Fundir ársins 2020 voru fjárfundir.

### Alþjóðagreiðslubankinn

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (Bank for International Settlements - BIS). Seðlabankastjóri tók á árinu þátt í reglulegum fundum seðlabankastjóra sem haldnir eru annan hvern mánuð á vegum BIS, auk ársfundar bankans. Þetta voru allt fjárfundir.

### Efnahags- og framfarastofnunin

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum og horfum.

### Network for Greening the Financial System

Á árinu gerðist Seðlabanki Íslands aðili að samtökunum Network for Greening the Financial System (NGFS). Þetta eru samtök seðlabanka og fjármálaeftirlita víðs vegar um heim sem hafa lýst vilja sínum og ásetningi um að starfa saman að því að stuðla að og þróa bestu framkvæmd áhættustýringar í fjármálaheiminum í tengslum við loftslags- og umhverfismál og stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni fjárfestingu.

### Samstarf í tengslum við fjármálaeftirlit

Vegna fjármálaeftirlits er Seðlabanki Íslands þátttakandi í starfi evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði,

svo sem Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Seðlabankinn hefur þar sömu réttindi og skyldur og eftirlitsstjórnvöld ríkja Evrópusambandsins að undanskildum atkvæðisrétti. Þátttaka í eftirlitsstjórn (e. Board of Supervisors), fastanefndum og vinnuhópum evrópsku eftirlitsstofnananna gerir bankanum kleift að fylgjast vel með breytingum á Evrópulöggjöf á fjármálamarkaði og taka þátt í þróun hennar. Með þátttöku sinni leggur Seðlabankinn einnig sitt af mörkum til að tryggja samræmda framkvæmd Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði á EES-svæðinu. Þá byggir þátttakan undir innleiðingu nýrrar Evrópulöggjafar hér á landi, auðveldar hana og stuðlar að skilvirkri eftirlitsframkvæmd að innleiðingu lokinni.

Virk þátttaka var í alþjóðasamstarfi í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. í nefndum á vegum EBA og í vinnuhópi fjármálaeftirlita Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Seðlabankinn tekur einnig þátt í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur er til að samræma eftirlit með Nasdaq-kauphöllum á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins, auk þess að gera sértækar athuganir, er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna.

### Samstarf í tengslum við fjármálastöðugleika

Seðlabankinn tekur þátt í starfi Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) og hefur þannig aðgang að samevrópskum greiningum vegna kerfisáhættu. Seðlabankastjóri sækir fundi kerfisáhætturáðsins sem áheyrnarfulltrúi.

Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Fjármálastöðugleikaráðsins (Financial Stability Board, FSB) sem er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum.

Seðlabankinn tekur jafnframt virkan þátt í samstarfi með Norður- og Eystrasaltslöndunum, m.a. á sviði kerfisáhættu þar sem skipst er á upplýsingum um þróun kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja (Nordic Baltic Macprudential Forum). Þá tekur Seðlabankinn í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið þátt í starfi Nordic Baltic Stability Group sem hefur það hlutverk að samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki og vinna að upplýsingagjöf milli stofnana ríkjanna á sviði fjármálastöðugleika.

Líkt og fyrr í ár tók Seðlabankinn virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu um þróun greiðslumiðlunar, s.s. um rafrænt reiðufé og netöryggismál. Seðlabankinn tók einnig þátt í undirbúningi að stofnun sérstakrar nýsköpunarmiðstöðvar í Stokkhólmi á vegum BIS (Bank


for International Settlements), í samstarfi við fleiri norræna seðlabanka, til að efla greiningu á fjártæknilegri nýsköpun.

### Gjaldmiðlaskiptasamningur við Seðlabanka Kína

Á árinu gerðu Seðlabanki Kína og Seðlabanki Íslands nýjan gjaldmiðlaskiptasamning. Samningur af því tagi var fyrst gerður árið 2010 og endurnýjaður árin 2013 og 2016. Tilgangur samningsins er að efla viðskipti á milli landanna og styðja við beina fjárfestingu ásamt því að tryggja fjármálalegan stöðugleika. Fjárhæð hins nýja samnings er 70 ma.kr. eða 3,5 milljarðar kínverskra júana. Samningurinn gildir í fimm ár og er endurnýjanlegur að þeim tíma liðnum.

### Reiðufé

Í árslok 2020 var útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands 81,5 ma.kr. Þar af voru útgefnir seðlar 77,1 ma.kr. og útgefin mynt 4,4 ma.kr. Útgefið reiðufé Seðlabankans er hluti af



skuldahlið efnahagsreiknings bankans. Í töflu 3 í töfluviðauka á bls. 88 má sjá hvernig þessi stærð skiptist eftir seðla- og myntstærðum.

Yfirleitt er átt við reiðufé utan Seðlabanka og innlánsstofnana þegar talað er um reiðufé í umferð. Munurinn á þeirri tölu og samtölu töflu 3 í töfluviðauka er svokallaður nætursjóður innlánsstofnana, sem samanstendur af því reiðufé sem er á eignahlið efnahagsreiknings innlánsstofnana í lok viðskiptadags. Í lok árs 2020 var nætursjóður innlánsstofnana 7,8 ma.kr. Því var reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana (há almennungi, fyrirtækjum o.s.frv.) 73,7 ma.kr. og hafði aukist á árinu um 7,0 ma.kr. eða um 10,4%. Vísbendingar eru um að reiðufjárnotkun til viðskipta hafi minnkað á árinu 2020 og að notkun reiðufjár til að varðveita eignir hafi aukist. Ein vísbendingin er sú að seðlar sem eytt var voru talsvert færri á árinu 2020 en árið áður og önnur er fjölgun tíu þúsund króna seðla í umferð.

Í lok ársins 2020 voru 18,6 milljónir seðla í umferð á Íslandi. Í nokkuð langan tíma hefur Seðlabankinn eytt að jafnaði um 5 milljónum ónothæfra seðla á ári. Á árinu 2020 eyddi Seðlabankinn 2,9 milljónum seðla sem töldust ónothæfir. Fækkun seðla sem eytt var má rekja til faraldurs COVID-19.

## Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Úthlutun menningarstyrks sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra, fór fram 25. júní 2020 og var það í níunda sinn sem styrkurinn var veittur. Umsóknir um styrkinn voru 29 en hann rann til þriggja verkefna að þessu sinni.

Fræðafélag um forystufé á Svalbarði í Þistilfirði hlaut 1,5 m.kr. styrk til að skrá allt forystufé í landinu í miðlægan gagnagrunn, fjarvis.is. Þetta er fyrsta skrefið í ferli þar sem óskað er eftir að forystufé fari á skrá hjá UNESCO sem dýrategund í útrýmingarhættu.

Krumma films ehf. hlaut 1,5 m.kr. styrk til að varðveita kvikmyndaðar heimildir um mannréttindabaráttu homma og lesbía á Íslandi. Efni sem féll til við framleiðslu á þáttaröðinni *Svona fólk* verður gert aðgengilegt á vefnum svonafolk.is.

Sölvi Björn Sigurðsson fékk 1 m.kr. styrk til vinnslu bókar um ævi afa síns, Magnúsar Ásgeirssonar sem var afkastamikill og virtur þýðandi á fyrri hluta 20. aldar. Einnig mun Sölvi fjalla um samskipti Magnúsar við þekktu einstaklinga sem urðu á vegi hans.



Bankaráð ásamt seðlabankastjóra og ritara ráðsins á árinu 2020. Talið frá vinstri eru Bolli Héðinsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Una María Óskarsdóttir, Jacqueline Clare Mallett, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, ritari ráðsins, Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður, Frosti Sigurjónsson og Gylfi Magnússon formaður.



# Stjórn, skipulag og mannauður



## Stjórn bankans

Ásgeir Jónsson gegndi embætti seðlabankastjóra á árinu 2020, en hann var skipaður til fimm ára frá og með 20. ágúst 2019. Seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabanka Íslands og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans sem ekki eru falin öðrum með lögum.

Rannveig Sigurðardóttir var varaseðlabankastjóri peningastefnu á árinu, Unnur Gunnarsdóttir var varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits og Gunnar Jakobsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Varaseðlabankastjórar leiða málefni bankans á því sviði sem þeir eru skipaðir til að leiða, undir yfirstjórn seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taka ákvarðanir um varðveislu gjaldeyrisforða og veitingu ábyrgða eða lána til lánastofnana í lausafjávanda á fundi sem seðlabankastjóri boðar til, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Á sama hátt eru teknar ákvarðanir um setningu reglna um bindingu reiðufjár vegna nýs innstremmis erlends gjaldeyris á grundvelli laga um gjaldeyrismál, ákvarðanir um setningu reglna um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða og um skipulag og setningu reglna um starfsemi bankans.

## Bankaráð Seðlabanka Íslands

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að öðru leyti sinnir bankaráð sérstaklega verkefnum sem nánar eru tilgreind í 8. grein laga um bankann.

Í upphafi árs 2020 var bankaráð þannig skipað að formaður var Gylfi Magnússon. Aðrir aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður,

Bolli Héðinsson, Una María Óskarsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Jacqueline Clare Mallett og Frosti Sigurjónsson. Varafulltrúar voru Þórlindur Kjartansson, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Hildur Traustadóttir, Valgerður Sveinsdóttir, Kristín Thoroddsen, Ólafur Margeirsson og Bára Ármannsdóttir. Kjósa skal í ráðið eftir hverjar kosningar til Alþingis. Þær fóru fram haustið 2017 og var kosið í bankaráð 18. apríl 2018. Bankaráð hélt fjórtán fundi á árinu.

## Skipulag

Í upphafi ársins var birt nýtt skipurit bankans í kjölfar gildistöku nýrra laga. Í 3. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir að seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taki ákvörðun um skipulag bankans sem bankaráð staðfestir, sbr. a-lið 8. gr. laganna um bankann. Samkvæmt skipuritinu eru kjarnasvið bankans sjö, þ.e. hagfræði og peningastefna, markaðsviðskipti, fjármálastöðugleiki, bankar, lífeyrir og váttryggingar, markaðir og viðskiptahættir, og lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir. Stoðsvið bankans eru fjögur, þ.e. rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun, fjárhagur og mannauður. Jafnframt er í skipuritinu miðlæg skrifstofa bankastjóra. Framkvæmdastjórar stýra hverju sviði fyrir sig. Af upptalningunni má ráða að fjögur kjarnasvið bankans eiga rætur í Fjármálaeftirlitinu og þrjú í Seðlabankanum. Á stoðsviðunum sameinuðust starfsmenn Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Það gildir einnig um skrifstofu bankastjóra en þar sameinuðust m.a. lögfræðipjónusta og upplýsingamiðlun stofnananna tveggja auk þjónustu við yfirstjórn.

Bankaráð hefur umsjón með innri endurskoðun í bankanum og ræður innri endurskoðanda, sbr. d-lið 8. gr. laganna um bankann.

## Verkefni sviða

Skrifstofa bankastjóra hefur yfirsýn yfir málefni og starfsemi bankans og mótar og framfylgir stefnumótun hans í samstarfi við önnur svið bankans. Hún annast ráðgjöf og þjónustu við bankastjóra og varaseðlabankastjóra, bankaráð, nefndir og svið bankans. Verkefni sviðsins eru m.a. lögfræðileg ráðgjöf, vinna við reglusetningu, fylgni við lög og reglur, samskipti við ráðuneyti, Alþingi og aðrar innlendar stofnanir, eftirfylgni og afgreiðsla erinda sem bankanum berast, umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn og umsjón með ársskýrslu, heimasíðu og samfélagsmiðlum bankans, auk eftirlits með eigin áhættu bankans, en ný staða áhættustjóra var stofnuð á sviðinu á árinu. Sviðið sinnir einnig alþjóðlegu samstarfi, svo sem við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála*, *Hagvísa*, *Working Papers*, *Efnahagsmála* og *Economy of Iceland*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf peningastefnunefndar bankans.

Markaðsviðskipti hafa umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs. Sviðið sinnir ut anumhaldi verðbréfa og greiðslum vegna verðbréfavíðskipta og greiðslum tengdum lántökum og skiptasamningum. Þá annast sviðið rekstur millibankagreiðslukerfis og erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu, annast eftirlit með lausu fé og gjaldeyrissjöfnuði lánastofnana og tekur þátt í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Þá annast sviðið eftirlit með lögum um gjaldeyrismál, lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og reglum settum á grundvelli þeirra. Sviðið fylgist með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja, gjaldeyrisflæði til og frá landinu og ytri stöðu þjóðarþúsins. Þá vakir sviðið yfir kerfislega mikilvægum fjármálainnvíðum. Skrifstofa skilavalds tók til starfa í nóvember 2020 og er hún staðsett á fjármálastöðugleikasviði. Sviðið hefur umsjón með

útgáfu bankans á ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf fjármálastöðugleikanefndar bankans.

Starfsemi bankasviðs felst í eftirliti með viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánaþyrntækjum, verðbréfafyrirtækjum og greiðslustofnunum. Meginverkefni sviðsins eru könnunar- og matsferli, svo sem mat á eiginfjár- og lausafjárþörf, yfirferð á endurbótaáætlunum, greining og mat á áhættuþáttum í rekstri eftirlitsskyldra aðila, samskipti við stjórnir og helstu stjórnendur og ytri endurskoðendur. Bankasvið tekur einnig þátt í mati á kerfisáhættu ásamt fjármálastöðugleikasviði.

Svið lífeyris og váttrygginga hefur eftirlit með váttryggingastarfsemi, lífeyrissjóðum og vörsluáðilum sér eignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlit líkan þar sem skilgreint er með hvaða tíðni helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sér- tækar athuganir eftir aðstæðum hverju sinni. Greindir eru helstu áhættuþættir og þróun á markaði og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við réttarreglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Farið er t.d. yfir eigið áhættu- og gjaldþolsmat váttryggingafélaganna og eigið áhættumat lífeyrissjóða og viðtöl tekin við lykilstarfsmenn.

Svið markaða og viðskiptahátta hefur eftirlit með aðilum á verðbréfamarkaði, s.s. útgefendum fjármálagerninga, kauphöllum, verðbréfamiðstöðvum, rekstrarfélögum sjóða, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Starf sviðsins felst einnig í eftirliti með viðskiptum og hegðun á verðbréfamarkaði (markaðsmisnotkun og innherjasvikum) en við slíkt eftirlit er meðal annars notast við verðbréfaeftirlitskerfi sem nýtist í þeim tilgangi að greina viðskipti með sjálfvirkum hætti út frá þeim gögnum sem fjármálaþyrntæki senda eftirlitinu. Þá hefur sviðið eftirlit með neytendamálum, fjárfestavernd og viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði. Í eftirliti með viðskiptaháttum og fjárfestavernd felst m.a. að fylgjast með því að viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila séu seldar viðeigandi vörur og þjónusta, að upplýsingagjöf sé hvorki misvísandi né blekkjandi og að gripið sé til ráðstafana vegna mögulegra hagsmunaaárekstra.

Svið lagalegs eftirlits og vettvangsathugana vinnur þvert á önnur svið bankans sem sinna fjármálaeftirliti. Sviðið annast m.a. mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila, veitingu starfsleyfa og afturköllun þeirra, afgreiðir tilkynningar um virka eignarhluti og beiðnir um samþykki fyrir samruna. Þá gerir sviðið vettvangsathuganir en markmið þeirra er að greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila, leggja mat á innra eftirlitskerfi,

viðskiptalíkön eða stjórnarhætti þeirra. Auk þess annast sviðið eftirlit með aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Rekstrarsvið sinnir verkefnum við innri rekstur og þjónustu Seðlabankans. Meðal þess er að annast rekstur og umsýslu eigna bankans, sjá um og bera ábyrgð á tilteknum öryggismálum bankans, annast innkaup fyrir öll svið, fara með kostnaðar- og útgjaldaeftirlit, þ.m.t. gerð rekstraráætlana, annast matar- og veitingaþjónustu, tryggja kerfisbundna stjórnun skjala innan bankans í samræmi við lög um opinber skjalasöfn og rekstur bóka-, seðla- og myntsafns.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í eigu hans ásamt því að sjá um bókhald sjóðs Þjóðhátiðargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem eru í vörslu bankans. Sviðið annast skráningu, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í samræmi við bókhaldsvenjur og reikningskilareglur og launavinnslu fyrir bankann. Auk þess heldur sviðið utan um stöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gagnvart bankanum. Þá annast sviðið útgáfu og umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna.

Upplýsingatækni og gagnasöfnun hefur umsjón með og ber ábyrgð á þróun, uppbyggingu og rekstri upplýsingakerfa Seðlabankans. Þá annast sviðið öflun, skráningu og úrvinnslu tölfræðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar og vegna opinberrar hagskýrslugerðar. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðsluþjöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og fjármálakerfis og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í *Hagtölum Seðlabankans* á heimasíðu sinni.

Mannauður ber ábyrgð á stefnumótun í mannauðsmálum og því að styðja við mannauðs stefnu bankans hverju sinni. Markmið mannauðs er að tryggja samræmda framkvæmd mannauðsmála og veita markvissa ráðgjöf til stjórnenda og starfsfólks til að byggja upp vinnustað sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni. Helstu verkefni mannauðs eru að halda utan um nýráðningar, starfslok, fræðslumál, starfsþróun, vinnustaðgreiningar og aðrar greiningar, endurgjafarsamtöl, launaákvæðanir, vellíðan starfsfólks og jafnréttismál.

Innri endurskoðandi starfar sem fyrr segir undir umsjón bankaráðs og er ábyrgur gagnvart því. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf fyrir Seðlabankann og félög í eigu hans og metur virkni áhættustýringar og stjórnarháttanna með kerfisbundnum eftirlitsvinnubrögðum.

## Nefndir bankans

Peningastefnunefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum og skulu þær grundvallast á markmiði um stöðugt verðlag og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum. Nefndin tekur ákvarðanir um vexti til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti við lánastofnanir önnur en lán til þrautarvara. Þá tekur nefndin ákvarðanir um bindiskyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð.

Peningastefnunefndin var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Rannveigu Sigurðardóttur, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands og Katrínu Ólafsdóttur, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabankans varðandi fjármálastöðugleika. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar skulu grundvallast á lögum og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í fjármálakerfinu. Verkefni nefndarinnar eru að (a) leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, (b) fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til, (c) samþykkja stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem nefndinni er falið að taka með lögum og (d) ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Fjármálastöðugleikanefnd var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og staðgengli formanns, Rannveigu Sigurðardóttur varaseðlabankastjóra peningastefnu, Unni Gunnarsdóttur, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndísi Ásbjarnardóttur, hagfræðingi hjá Hagstofu Íslands og Guðmundi Kristjáni Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands. Þá situr fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fjármálaeftirlitsnefnd tekur ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þá getur nefndin framselt til varaseðlabankastjóra

fjármálaeftirlits vald sitt til tóku ákvarðana sem ekki teljast meiri háttar. Mat á því hvaða ákvarðanir teljast meiri háttar kemur fram í 4. og 5. grein starfsreglna nefndarinnar.

Fjármálaeftirlitsnefnd var á árinu skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, Unni Gunnarsdóttur, vara-seðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Gunnari Jakobssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Andra Fannari Bergþórssyni, lektor við Háskólann í Reykjavík, Ástu Þórarinsdóttur hagfræðingi og Guðrúnu Þorleifsdóttur, skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri tekur sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður nefndarinnar þegar ákvarðanir, sem eru nánar tilteknaðar í 2. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, eru teknar. Þá er Unnur Gunnarsdóttir, vara-seðlabankastjóri fjármálaeftirlits, staðgengill formanns. Í öðrum tilvikum er Unnur formaður og Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, staðgengill formanns.

## Mannauðsmál

Í lok árs 2020 voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 303 í 300,7 stöðugildum. Fjölgun starfsmanna milli ára skýrist af sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins 1. janúar 2020. Í lok árs voru 163 karlar og 141 kona í starfslíði bankans.

Framkvæmdastjórar bankans voru 13, þar af 6 konur og 7 karlar. Í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðumanna voru alls 26; 12 konur og 14 karlar. Háskólamenntað starfsfólk var 91% af heildarfjölda starfsfólks í árslok. Hjá Greiðsluveitunni ehf., félagi í eigu Seðlabanka Íslands, voru 10 starfsmenn í lok ársins, 5 konur og 5 karlar. Á árinu voru 17 nýráðningar en 29 létu af störfum. Sumarstarfsmenn á árinu 2020 voru 14.

Tafla 1 Fjöldi starfsmanna eftir sviðum

Svið	Fjöldi
Bankar	24
Bankastjórar	4
Fjárhagur	12
Fjármálastöðugleiki	30
Hagfræði og peningastefna	24
Innri endurskoðun	3
Lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir	26
Lífeyrir og váttryggingar	13
Mannauður	6
Markaðir og viðskiptahættir	16
Markaðsviðskipti	37
Rekstur	37
Skrifstofa bankastjóra	26
Upplýsingatækni og gagnasöfnun	45
Samtals	303

Jafnlaunagreining sem gerð var á árinu leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynjanna.

## Sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins

Í upphafi árs 2020 sameinuðust Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands. Nýtt skipulag tók gildi og samþætting ýmissa starfsþátta hófst, einkum meðal stoðsviða. Unnið var að því að sameina starfsemi bankans í húsnæði hans við Kalkofnsveg 1 í Reykjavík. Framkvæmdir hófust við viðhald og endurnýjun húsnæðis sem miðuðu m.a. að því að opna vinnurými til að nýta það betur undir starfsemi. Húsnæði við Katrínartún þar sem Fjármálaeftirlitið var til húsa var að mestu losað og bráðabirgðahúsnæði leigt við Kalkofnsveg 2 svo að nýta mætti mótuneyti og aðra starfsaðstöðu betur. Í árslok voru viðhalds- og endurnýjunarframkvæmdir langt komnar á einni af fimm hæðum hússins við Kalkofnsveg og hafnar við aðra.

## COVID-19 setti sitt mark á starfið

Frá og með marsmánuði setti COVID-19-farsóttin mark sitt á starfsemi Seðlabanka Íslands. Þegar faraldurinn breiddist út hér á landi var stórum hópi starfsmanna gert að vinna utan vinnustaðar og nauðsynlegur búnaður útvegaður til að gera það kleift. Starfsemi einkenndist þá í auknum mæli af fjarfundum í stað staðfunda. Þegar fyrsta bylgja faraldursins fjaraði út í maí sneru starfsmenn smátt og smátt aftur á vinnustað en þegar faraldurinn sótti í sig veðrið á ný í september jókst fjarvinna á nýjan leik og stóð svo út árið. Gestakoma var óheimil stóran hluta ársins og sýningarsalur á fyrstu hæð var að mestu lokaður. Starfsemi á vinnustað var skipt í sóttvarnarhólf í samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda og þjónusta mótuneytis, þrif og ýmis þjónusta var í samræmi við ný viðmið.

## Yfirstjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2020

### Seðlabankastjóri

Ásgeir Jónsson

### Varaseðlabankastjórar

Gunnar Jakobsson

Rannveig Sigurðardóttir

Unnur Gunnarsdóttir



## **Bankaráð**

### **Aðalmenn**

Gylfi Magnússon formaður  
Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður  
Bolli Héðinsson  
Una María Óskarsdóttir  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Jacqueline Clare Mallett  
Frosti Sigurjónsson

### **Varamenn**

Þórlindur Kjartansson  
Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir  
Hildur Traustadóttir  
Valgerður Sveinsdóttir  
Kristín Thoroddsen  
Ólafur Margeirsson  
Bára Valdís Ármannsdóttir

### **Yfirmenn**

*Skrifstofa bankastjóra:*

Rannveig Júníusdóttir framkvæmdastjóri

*Fjárhagur:*

Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

*Fjármálastöðugleiki:*

Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri

*Hagfræði og peningastefna:*

Þórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur

*Mannauður:*

Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri

*Markaðsviðskipti:*

Sturla Pálsson framkvæmdastjóri

*Rekstur:*

Þóra Helgadóttir framkvæmdastjóri

*Upplýsingatækni og gagnasöfnun:*

Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri

*Lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir:*

Björk Sigurgísladóttir framkvæmdastjóri

*Lífeyrir og váttryggingar:*

Rúnar Guðmundsson framkvæmdastjóri

*Bankar:*

Finnur Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri

*Markaðir og viðskiptahættir:*

Páll Friðriksson framkvæmdastjóri

*Innri endurskoðandi:*


Nanna Huld Aradóttir

### **Félag í eigu Seðlabanka Íslands**

Greiðsluveitan ehf.:

Vigdís Ósk Helgadóttir framkvæmdastjóri

## Skipurit Seðlabanka Íslands



# Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands



Hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2020 nam 68,3 ma.kr. Árið áður nam hann 22,4 ma.kr. Hagnað af rekstri bankans á árinu má að mestu leyti rekja til gengismunar og virðisbreytinga eigna. Hagnaður af fjármálagerningum fyrir gengismun var 10,1 ma.kr. árið 2020 en 2019 var 2,5 ma.kr. tap af þeim rekstrarliðum. Framsetningu ársreiknings Seðlabanka Íslands var breytt nokkuð frá fyrra ári til þess að gefa gleggri mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi bankans. Hér til hliðar eru töflur sem sýna breytingu á milli ára á helstu liðum rekstrarreiknings og efnahagsreiknings bankans.

Hreinar vaxtatekjur námu um 74,5 m.kr. á árinu en árið á undan voru hrein vaxtagjöld um 9,2 ma.kr. Vaxtatekjur af innlendum eignum hækkuðu um 24,4 m.kr. frá árinu 2019 eða um 6,6% en vaxtatekjur af erlendum eignum lækkuðu um 2,2 ma.kr. eða um 24,7%. Vaxtagjöld af innlendum innstæðum í Seðlabankanum, bæði í bundnum og lausum, lækkuðu um 11,5 ma.kr. á milli ára. Helstu ástæður eru lækkun stýrivaxta á árinu, bankinn hætti að bjóða bundin innlán til eins mánaðar um mitt ár og 1. apríl var viðskiptareikningum lánaþyrir-tækja lokað sem leiddi til lækkunar á innstæðum.

Gengishagnaður á árinu 2020 nam alls 62,1 ma.kr. sem rekja má til gengislækkunar krónunnar á árinu. Á árinu 2019 nam gengishagnaðurinn 28,5 ma.kr. Gengi krónunnar lækkaði um 10,4% frá upphafi til loka ársins 2020 miðað við gengisvísitölu. Gagnvart evru lækkaði gengið um 14,9%, gagnvart Bandaríkjadal um 5,1% og um 8,9% gagnvart sterlingspundi.

Virðisbreytingar eigna skiluðu 10,1 ma.kr. til tekna á árinu 2020 samanborið við 6,7 ma.kr. á árinu 2019. Breytinguna má rekja til þess að ávöxtunarkrafa á erlend-um mörkuðum lækkaði umtalsvert á árinu sem hækkaði virði bréfa í forða. Rekstrartekjur hækkuðu um 2,2 ma.kr.

Tafla 1 Helstu liðir rekstrarreiknings

M.kr.	2020	2019	Breyting
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)	75	(9.190)	9.265
Virðisbreytingar eigna	10.063	6.661	3.401
Tekjur af hlutafjáreign	0	46	(46)
Gengismunur	62.116	28.478	33.639
Hagnaður af fjármálagerningum	72.254	25.994	46.259
Rekstrartekjur	3.354	1.009	2.345
Rekstrargjöld	(7.413)	(4.748)	(2.665)
Áhrif hlutdeildarfélaga utan samstæðu	55	209	(154)
Tekjuskattur	3	(20)	24
Afkoma ársins	68.253	22.444	45.810

Tafla 2 Helstu liðir efnahagsreiknings

M.kr.	2020	2019	Breyting
<i>Eignir</i>			
Gulleign	15.404	11.720	3.684
Kröfur á erlenda aðila í erl. gjaldeyri	801.469	810.339	(8.870)
Kröfur á innlenda aðila í erl. gjaldeyri	0	38	(38)
Kröfur á innl. aðila vegna peningastefnu	9.520	0	9.520
Kröfur á innl. aðila í innl. gjaldeyri	5.809	5.935	(126)
Aðrar eignir	10.620	11.627	(1.007)
Eignir samtals	842.821	839.658	3.163
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
Eigið fé	150.802	81.982	68.820
Útgefnir seðlar og mynt	81.462	74.734	6.728
Skuldir við erl. aðila í erl. gjaldeyri	30.556	24.307	6.249
Skuldir við innl. aðila í erl. gjaldeyri	214.164	151.897	62.267
Skuldir við erl. aðila í innl. gjaldeyri	9.262	10.003	(741)
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	210.577	356.177	(145.599)
Skuldir við innl. aðila í innl. gjaldeyri	144.926	139.899	5.027
Aðrar skuldir	1.072	659	412
Eigið fé og skuldir samtals	842.821	839.658	3.163

milli ára og má rekja hækkunina til tekna vegna fjármálaeftirlits en Fjármálaeftirlitið sameinaðist bankanum 1. janúar 2020. Rekstrartap af fjármálaeftirlitstengdri starfsemi árið 2020 nam 58,8 m.kr. Rekstrargjöld bankans hækkuðu um 56% milli ára sem skýrist af sameiningunni við Fjármálaeftirlitið og útgjaldaliðum sem tengjast henni.

Eignir bankans námu alls 842,8 ma.kr. í árslok 2020 en voru 839,7 ma.kr. í lok ársins 2019. Erlendar eignir hækkuðu á árinu um 5,2 ma.kr. Þrátt fyrir litla breytingu á erlendum eignum voru nokkrar sveiflur innan ársins, m.a. vegna umtalsverðra inngripa bankans á innlendum gjaldeyrismarkaði. Bankinn keypti evrur á innlendum gjaldeyrismarkaði fyrir 11,7 ma.kr. og seldi fyrir 143,4 ma.kr. Eigið fé bankans nam 150,8 ma.kr. í árslok 2020 og eiginfjárhlutfall var 17,9% samanborið við 9,8% í árslok 2019. Í árslok 2020 námu erlendar eignir bankans um 97% af heildareignum hans.

Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni.

## Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið

Seðlabanki Íslands skal lögum samkvæmt búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Liður í þessu er að bankinn skal ákveða á hverju ári eiginfjármarkmið sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Ákvörðun um eiginfjármarkmið er staðfest af bankaráði og var það ákveðið 150 ma.kr. á árinu 2020.

Rekstrarafkoma Seðlabankans hefur undanfarin ár batnað til muna og eigið fé því aukist. Eigið fé bankans í árslok 2020 var um 150,8 ma.kr., rétt yfir eiginfjármarkmiðinu sem staðfest var af bankaráði. Til samanburðar var eigið fé í árslok 2019 um 82 ma.kr. Bankinn kallaði ekki inn eigið fé frá ríkissjóði í fyrra en lagaheimild er fyrir innköllun á allt að 57,2 ma.kr. á verðlagi við gildistöku laganna. Hækkun eigin fjár milli ára má helst rekja til veikingar á gengi krónunnar, lækkunar meginvaxta Seðlabankans sem leiddi til minni vaxtamunar, og til betri ávöxtunar gjaldeyrisforða.

Vegna COVID-19-farsóttarinnar ríkir enn gríðarleg óvissa í heimshagkerfinu. Efnahagspróun mun að miklu leyti ráðast af því hvernig tekst til við að ráða niðurlögum farsóttarinnar. Enn ríkir því mikil óvissa um lengri tíma horfur varðandi rekstur bankans og þörf hans fyrir eigið fé.

Niðurstöður sviðsmyndagreiningar á þróun afkomu og eigin fjár bankans til næstu þriggja ára sýna í stórum dráttum verri afkomu en á árinu 2020 og þar með lægra eigið fé. Í ljósi þess þótti ekki ástæða til að breyta eiginfjár-

markmiði bankans sem ákveðið var árið 2020. Það hefur því verið staðfest óbreytt af bankaráði eða 150 ma.kr.

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar bankans samkvæmt aðferð sem innleidd var með lögum nr. 122/2014. Þannig er hagnaði bankans, eftir að gerðar hafa verið færslur í varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Í samræmi við 2. mgr. 40 gr. laga um Seðlabanka Íslands var hagnaður umfram það sem varið var til þess að ná eiginfjármarkmiði bankans á árinu 2020 greiddur ríkissjóði í formi arðs, eða samtals 802,1 m.kr.

Samstæðuársreikningur 2020

VIII

# Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	39
Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands	41
Rekstrarreikningur 2020	43
Efnahagsreikningur 31. desember 2020	44
Eiginfjáryfirlit	46
Sjóðstreymisyfirlit	47
Skýringar	48
Viðauki með samstæðuársreikningi 2020	82
Uppsetning rekstrareiknings 2019	82
Uppsetning efnahagsreiknings 2019	82

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

### Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands („samstæðan“) fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, yfirlit um breytingar á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2020 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Bankaráð og seðlabankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn

en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

#### Ábyrgð bankaráðs og seðlabankastjóra á samstæðuársreikningnum

Bankaráð og seðlabankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og lög um Seðlabanka Íslands, og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber bankaráði og seðlabankastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annaðhvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Bankaráð og seðlabankastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bankaráðs og seðlabankastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sam-

stæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur í áritun okkar að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bankaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík, 17. mars 2021

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir



# Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2020 með undirritun sinni. Frosti Sigurjónsson gerir þó þann fyrirvara að hann telur að ekki eigi að færa seðla og mynt til skuldar í efnahagsreikningi.

Reykjavík, 17. mars 2021

## Áritun bankaráðs

*Pórunn Guðmundsdóttir  
Sigurður Kári Kristjánsson  
Frosti Sigurjónsson*

*Gylfi Magnússon  
formaður*

*Bolli Héðinsson  
Una María Óskarsdóttir  
Jacqueline Clare Mallett*

## Áritun seðlabankastjóra

*Ásgeir Jónsson*

## Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 26. mars 2021

*Katrín Jakobsdóttir*



## Rekstrarreikningur 2020

	Skýring	2020	2019 <sup>1</sup>
Vaxtatekjur af innlendum eignum	6	392.160	367.770
Vaxtatekjur af erlendum eignum	6	6.852.230	9.098.747
Vaxtagjöld af innlendum skuldum	7	(6.537.436)	(18.047.525)
Vaxtagjöld af erlendum skuldum	7	(632.422)	(609.370)
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)		<u>74.532</u>	<u>(9.190.378)</u>
Erlendar virðisbreytingar eigna		9.771.472	6.261.808
Innlendar virðisbreytingar eigna		291.187	399.588
Virðisbreytingar eigna samtals	8	<u>10.062.659</u>	<u>6.661.396</u>
Tekjur af hlutafjáreign	9	0	45.550
Hagnaður (tap) af fjármálagerningum fyrir gengismun		10.137.191	(2.483.432)
Gengismunur	10	62.116.426	28.477.550
Hagnaður af fjármálagerningum		<u>72.253.617</u>	<u>25.994.118</u>
Eftirlitstekjur	11	2.359.005	0
Þjónustutekjur	12	903.831	962.757
Aðrar tekjur		91.451	46.621
Aðrar tekjur samtals		<u>3.354.287</u>	<u>1.009.378</u>
Laun og launatengd gjöld	13	(5.146.535)	(2.924.664)
Annar rekstrarkostnaður	14	(1.503.283)	(1.147.651)
Þjónustugjöld	15	(536.903)	(513.088)
Afskriftir fastafjármuna	22.1	(129.080)	(96.920)
Afskriftir hugbúnaðar	22.2	(96.898)	(65.816)
Rekstrargjöld samtals		<u>(7.412.699)</u>	<u>(4.748.139)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага utan samstæðu	22.3	55.016	208.606
Hagnaður fyrir skatta		<u>68.250.221</u>	<u>22.463.963</u>
Tekjuskattur	16	3.226	(20.347)
Hagnaður ársins		<u>68.253.447</u>	<u>22.443.616</u>

1. Uppsetningu rekstrarreiknings hefur verið breytt frá fyrra ári, samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Í skýringu 2 er greint frá þeim breytingum sem gerðar voru á rekstrarreikningi frá fyrra ári.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýring	2020	2019 <sup>1</sup>
<i>Eignir</i>			
Gulleign	17	15.403.715	11.720.136
Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	18	801.469.348	810.339.269
Erlendar bankainnstæður	18.1	109.886.615	210.157.700
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	18.2	33.696.074	30.744.446
Erlend verðbréf og aðrar eignir í forða	18.3	657.805.606	569.308.426
Eignir utan forða	18.4	81.053	128.697
Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	19	0	37.536
Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	20	9.519.749	0
Ríkissjóður	20.1	7.770.361	0
Innlánsstofnanir	20.2	1.749.388	0
Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	21	5.808.631	5.934.698
Aðrar eignir	22	10.619.730	11.626.547
Varanlegir rekstrarfjármunir	22.1	7.928.990	7.789.802
Hugbúnaður	22.2	983.598	768.007
Aðrar eignir	22.3	1.707.142	3.068.738
Eignir samtals		<u>842.821.173</u>	<u>839.658.186</u>

1. Uppsetningu efnahagsreiknings hefur verið breytt frá fyrra ári, samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Í skýringu 2 er greint frá þeim breytingum sem gerðar voru á efnahagsreikningi frá fyrra ári.

	Skýring	2020	2019 <sup>1</sup>
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
<i>Eigið fé</i>			
Stofnfé		91.160.430	89.763.819
Óinnkallað stofnfé		(59.659.430)	(58.262.819)
Varasjóður		67.056.063	55.126.282
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		7.330.069	7.540.925
Bundnar hlutdeildartekjur		26.896	251.966
Annað eigið fé (neikvætt)		44.888.080	(12.438.271)
Eigið fé samtals	23	<u>150.802.108</u>	<u>81.981.902</u>
<i>Skuldir</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	24	81.462.111	74.734.419
Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	25	30.555.938	24.307.059
Innlán	25.1	9.927.305	5.464.064
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	18.2	20.628.633	18.842.995
Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	26	214.163.804	151.897.082
Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri	27	9.262.364	10.002.913
Innlán	27.1	2.494.998	2.486.891
Innstæðubréf	27.2	6.767.366	7.516.022
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	28	210.577.243	356.176.697
Innlán	28.1	66.011.866	57.154.494
Bindiskylda	28.2	24.487.312	20.849.825
Bundin innlán	28.3	112.948.802	245.475.217
Innstæðubréf	28.4	7.129.263	32.697.161
Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	29	144.925.801	139.898.714
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	29.1	142.289.342	81.640.230
Aðrir aðilar	29.2	2.636.459	58.258.484
Aðrar skuldir	30	1.071.804	659.400
Skuldir samtals		<u>692.019.065</u>	<u>757.676.284</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>842.821.173</u>	<u>839.658.186</u>

1. Uppsetningu efnahagsreiknings hefur verið breytt frá fyrra ári, samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Í skýringu 2 er greint frá þeim breytingum sem gerðar voru á efnahagsreikningi frá fyrra ári.

## Eiginfjárfirlit

	Stofnfé	Óinnkallað stofnfé	Varasjóður	Endurmat fasteigna	Bundnar hlutdeildar- tekjur	Annað eigið fé (neikvætt)	Eigið fé samals
2020							
Eigið fé 31. desember 2019	89.763.819	(58.262.819)	55.126.282	7.540.925	251.966	(12.438.271)	81.981.902
Áhrif af nýjum lögum um Seðlabankann	(1.062.819)	1.062.819					0
Áhrif af sameiningu við Fjármálaeftirlitið						690.870	690.870
Eigið fé 1. janúar 2020	88.701.000	(57.200.000)	55.126.282	7.540.925	251.966	(11.747.401)	82.672.772
Verðbætur á óinnkallað stofnfé	2.459.430	(2.459.430)					0
Hagnaður ársins 2020			11.929.781		124.930	56.198.736	68.253.447
Mótttekinn arður frá dótturfélögum					(350.000)	350.000	0
Endurmat fasteigna				(124.111)			(124.111)
Afskrift endurmetinna eigna 2020				(86.745)		86.745	0
Eigið fé 31. desember 2020	91.160.430	(59.659.430)	67.056.063	7.330.069	26.896	44.888.080	150.802.108
2019							
Eigið fé 1. janúar 2019	88.796.493	(57.295.493)	42.255.199	6.411.632	4.244.047	(26.077.233)	58.334.644
Verðbætur á óinnkallað stofnfé	967.326	(967.326)					0
Mótttekinn arður frá dótturfélögum					(4.282.055)	4.282.055	0
Hagnaður ársins 2019			12.871.084		289.975	9.282.558	22.443.617
Endurmat fasteigna				1.203.641			1.203.641
Afskrift endurmetinna eigna 2019				(74.348)		74.348	0
Eigið fé 31. desember 2019	89.763.819	(58.262.819)	55.126.282	7.540.925	251.966	(12.438.271)	81.981.902

Í skýringu 5 er greint frá sameiningu Fjármálaeftirlitsins við bankann. Í skýringu 23 er greint frá reikningshaldslegri meðhöndlun eiginfjárliða, sundurliðun á breytingum á varasjóði auk þess sem sýnd er þróun á eiginfjárhlutfalli bankans undanfarin ár.



## Sjóðstreymisýfirlit

	Skýring	2020	2019
<i>Rekstrarhreyfingar</i>			
Innheimtar vaxtatekjur		10.776.066	11.246.831
Greidd vaxtagjöld		(6.458.100)	(18.914.962)
Innheimtir (greiddir) vextir		<u>4.317.966</u>	<u>(7.668.131)</u>
Innheimtar eftirlitstekjur		2.359.005	0
Innheimtar þjónustutekjur og aðrar tekjur		1.001.850	980.169
Greidd þjónustugjöld		(538.344)	(529.433)
Innborgaður arður af hlutafjáreign	9	0	45.550
Greidd rekstrargjöld		(6.518.721)	(4.010.678)
Greiddir skattar		(23.446)	(54.923)
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>598.310</u>	<u>(11.237.446)</u>
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða	18.3	(364.111.453)	(114.825.299)
Sala og innheimta verðbréfa í gjaldeyrisforða		340.426.089	150.384.547
Breyting á erlendum eignum utan gjaldeyrisforða		100.738	146.573
Keypt ríkisbréf	20.1	(7.566.030)	0
Innheimtar afborganir af verðbréfum í innlendum gjaldeyri		186.460	160.196
Aðrar eignir		(1.748.243)	(1.343.630)
Keyptir rekstrarfjármunir	22.1	(341.406)	(26.029)
Keyptur hugbúnaður	22.2	(310.349)	(241.099)
Hrein fjárfesting í dótturfélögum utan samstæðu	22.3	0	(757.789)
Arðgreiðsla félaga utan samstæðu	22.3	350.000	4.282.055
Kröfur á dótturfélög utan samstæðu	33	1.390.798	0
Fjárfestingarhreyfingar samtals		<u>(31.623.396)</u>	<u>37.779.525</u>
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	24	6.727.692	1.961.281
Innlán í erlendum gjaldeyri		39.851.539	34.917.961
Innlán í innlendum gjaldeyri		(114.699.545)	20.964.526
Innstæðubréf		(26.316.554)	4.113.588
Aðrar skuldir		(196.371)	69.950
Fjármögnunarhreyfingar samtals		<u>(94.633.239)</u>	<u>62.027.306</u>
(Lækkun) hækkun á erlendum bankainnstæðum		(125.658.325)	88.569.385
Gengismunur erlendra bankainnstæðna	10	25.387.239	2.493.526
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun		210.157.700	119.094.789
Erlendar bankainnstæður í árslok	18	<u>109.886.615</u>	<u>210.157.700</u>

# Skýringar

## Almennt 49

1	Upplýsingar um stofnunina	49
2	Grundvöllur reikningsskilanna	49
3	Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	51
4	Samstæðan	51
5	Sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins	52

## Skýringar við rekstrarreikning 53

6	Vaxtatekjur	53
7	Vaxtagjöld	54
8	Virðisbreytingar eigna	54
9	Tekjur af hlutafjáreign	55
10	Gengismunur	55
11	Eftirlitstekjur	56
12	Þjónustutekjur	56
13	Laun og launatengd gjöld	57
14	Annar rekstrarkostnaður	57
15	Þjónustugjöld	57
16	Tekjuskattur	58

## Skýringar við efnahagsreikning 58

17	Gulleign	58
18	Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	58
19	Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	60
20	Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	60
21	Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	60
22	Aðrar eignir	61
23	Eigið fé	64
24	Útgefnir seðlar og mynt	66
25	Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	66

26	Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	66
----	-------------------------------------------------	----

27	Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri	67
----	-------------------------------------------------	----

28	Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	67
----	---------------------------------------------------------	----

29	Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	68
----	--------------------------------------------------	----

30	Aðrar skuldir	68
----	---------------	----

## Aðrar upplýsingar 69

31	Krónukerfið	69
----	-------------	----

32	Gjaldeyrisviðskipti á árinu	69
----	-----------------------------	----

33	Tengdir aðilar	71
----	----------------	----

34	Kostnaðargreining	72
----	-------------------	----

35	Fjármálaeftirlit	73
----	------------------	----

36	Önnur mál	73
----	-----------	----

37	Atburðir eftir lok reikningsskiladags	73
----	---------------------------------------	----

## Áhættustýring 73

38	Gjaldeyrisforði	74
----	-----------------	----

39	Kröfuáhætta	74
----	-------------	----

40	Lausafjárahætta	76
----	-----------------	----

41	Uppgjörsáhætta	77
----	----------------	----

42	Markaðsáhætta	78
----	---------------	----

43	Áhætta tengd innlendum markaðsviðskiptum og innlánnum	80
----	-------------------------------------------------------	----

## Mikilvægar reikningsskilaaðferðir 80

44	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	80
----	-----------------------------------	----

# Almennt

## Skýring 1 – Upplýsingar um stofnunina

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

## Skýring 2 – Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Seðlabanka Íslands 31. desember 2020 er gerður í samræmi við lög um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 og lög um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðuársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum veltufjáreignum og fasteignum sem færðar eru á gangvirði. Til veltufjáreigna teljast skuldabréf á markaði og afleiður. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eru settar fram í skýringu 44.

### Breyting á framsetningu samstæðuársreiknings

Ákveðið var að breyta framsetningu ársreiknings bankans frá fyrra ári til þess að reikningurinn gæfi gleggri mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi bankans.

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur bankans eru ekki settir upp í samræmi við reglugerð nr. 696/2019, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Slíkt myndi gefa óskýra mynd af efnahagsreikningi og rekstrarreikningi bankans þar sem starfsemi Seðlabanka Íslands er talsvert frábrugðin þeim félögum sem reglugerðin nær til sem flest eru rekin í hagnaðarskyni.

### Breytingar á framsetningu efnahagsreiknings

Í viðauka má sjá hvernig efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands var settur upp á fyrra ári.

Í nýju framsetningunni má sjá meira niðurbrot en áður, þar sem sýndir eru undirlíðir með þeim liðum sem byggðir eru upp af fleiri en einum lið.

*Gulleign* er ennþá efsti liðurinn í efnahagsreikningi bankans. Á eftir *gulleign* kemur yfirlíðurinn *kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri*, undirlíðir fyrir þann lið eru *erlendar bankainn-*

Seðlabankinn fer frá og með 1. janúar 2020 með þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum og er Fjármálaeftirlitið hluti af Seðlabankanum. Bankinn skal fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

*stæður, staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, erlend verðbréf og aðrar eignir í forða og eignir utan forða.* Á fyrra ári myndaði liðurinn *erlendar eignir* alla þessa undirlíði utan þess að mynda einungis að hluta *stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn*. *Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn* var á fyrra ári flokkuð sem *gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn* auk þess sem hluti af *stöðunni* var flokkaður undir *erlendum eignum*.

Liðurinn *kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri* er næstur en áður var hann sýndur á meðal *annarra eigna*. Þar á eftir kemur yfirlíðurinn *kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu* sem var ekki sýndur áður þar sem staðan var á núlli.

*Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri* sem áður var hluti af liðnum *innlendar fjáreignir* kemur þessu næstur. Síðast í eignahluta efnahagsreikningsins koma *aðrar eignir* sem samanstanda af undirlíðunum *varanlegir rekstrarfjármunir, hugbúnaður og aðrar eignir*. Í efnahagsreikningi samstæðunnar í reikningsskilum ársins 2019 voru *varanlegir rekstrarfjármunir* og *hugbúnaður* færðir í einni og sömu línunni undir *varanlegum rekstrarfjármunum*. Í ljósi umfangs *hugbúnaðar* þykir rétt að sérgreina hann í efnahagsreikningi og því er hann flokkaður sem sér liður í efnahagsreikningi.

Engar breytingar voru gerðar á framsetningu eigin fjár í efnahagsreikningi frá fyrra ári.

*Útgefnið seðlar og mynt* er ennþá efsti liðurinn undir skuldum bankans. Því næst kemur yfirlíðurinn *skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri*. Hann samanstendur af *innlánnum* sem á fyrra ári voru flokkuð sem hluti *annarra innstæðna og mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn* sem flokkað er með sama hætti og á fyrra ári.

Því næst kemur liðurinn *skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri* sem áður var flokkaður á meðal *annarra innstæðna*. Þar á eftir kemur yfirlíðurinn *skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri* sem samanstendur af *innlánum* og *innstæðubrífum*. Innstæðurnar voru flokkaðar á fyrria ári meðal *annarra innstæðna* og *innstæðubríf* voru flokkuð á meðal *erlendra skulda*.

*Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu* er næsti yfirflokkur. Hann samanstendur af *innlánum* og *bindiskyldu* sem á fyrria ári voru flokkuð sem *innstæður fjármálastofnana* og af liðunum *bundin innlán* og *innstæðubríf* sem á fyrria ári voru flokkuð á meðal *innlendra fjárskulda*.

Þá kemur yfirlíðurinn *skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri*. Sá liður samanstendur af undirlíðunum *ríkissjóður* og *ríkisstofnanir* og *aðrir aðilar* sem á fyrria ári voru flokkaðir sem *aðrar innstæður*, auk þess sem *skuldir við ríkissjóð* sem áður voru flokkaðar á meðal *annarra skulda* voru færðar undir liðinn *ríkissjóður* og *ríkisstofnanir*. Að lokum er liðurinn *aðrar skuldir* sem á fyrria ári var flokkaðar sem liðirnir *aðrar skuldir* og *lífeyrisskuldbinding*.

#### **Breytingar á framsetningu rekstrarreiknings**

Í viðauka má sjá hvernig rekstrarreikningur Seðlabanka Íslands var settur upp á fyrria ári.

Ákveðið var að setja fram *hagnað (tap) af fjármálagerningum* efst í rekstrarreikninginn þar sem sá liður hefur mest áhrif á rekstrarafkomu bankans. *Vaxtatekjur* og *vaxtagjöld* eru ennþá sýnd efst í reikningnum. Í reikningnum í ár koma *virðisbreytingar eigna* þar á eftir, en þær voru áður á meðal liða í *rekstrartekjum*. Þar á eftir koma *tekjur af hlutfjáreign*, en þær voru áður tilgreindar á meðal *rekstrartekna*. Því næst kemur nú ný millisamtala *hagnaður (tap) af fjármálagerningum fyrir gengismun*. Þá kemur *gengismunur* sem áður var neðsti liðurinn í rekstrarreikningnum auk þess sem nú er einnig í þeim lið liður sem áður hét *gengishagnaður (tap) af gjaldeyrisviðskiptum* og var færður undir *rekstrartekjum*. Þá kemur ný millisamtala *hagnaður (tap) af fjármálagerningum*.

Næst kemur kaflinn *aðrar tekjur*. Í þeim kafla er meðal *annars liðurinn þjónustutekjur* sem var í kaflanum *rekstrartekjur* á fyrria ári.

Á eftir *öðrum tekjum* kemur kaflinn *rekstrargjöld*. Efst í rekstrargjaldakaflanum er liðurinn *laun og launatengd gjöld* og þar á eftir kemur liðurinn *annar rekstrarkostnaður*, en það er óbreytt framsetning frá fyrria ári. Á meðal *annars rekstrarkostnaðar* nú eru liðirnir *virðisrýrnun krafna* og *kostnaður af seðlum og mynt* sem áður voru sérgreindir í rekstrarreikningi. Á eftir *öðrum rekstrarkostnaði* kemur liðurinn *þjónustugjöld* sem var áður í kaflanum *rekstrartekjur*. Neðst í rekstrargjaldakaflanum er síðan liðurinn *afskriftir fastafjármuna*.

*Áhrif hlutdeildarféлага* kemur sem sér liður á eftir *rekstrargjöldum* sem er óbreytt framsetning frá fyrria ári. Á eftir þeim lið kemur millisumman *hagnaður fyrir skatta* en á fyrria ári hét millisumman *rekstrartap fyrir skatta* og *gengismun*. Næst kemur liðurinn *tekjuskattur* sem er óbreyttur frá fyrria ári. Á eftir þeim lið kom millisumman *tap án gengismunar* sem er ekki í núverandi framsetningu.

#### **Breytingar á framsetningu sjóðstreymis**

Framsetningu sjóðstreymis var breytt til þess að endurspeglar breytta framsetningu á efnahagsreikningi bankans. Það er mat stjórnenda að uppfærð flokkun gefi gleggri mynd af sjóðstreymi bankans.

#### **Breytingar á framsetningu skýringa**

Samhliða breytingum á framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings var framsetning skýringa uppfærð. Auk þess eru upplýsingar um reikningsskilaaðferðir aftast í skýringum en voru áður fremst í skýringum.

#### **Samanburðarfjárhæðir**

Í reikningsskilum ársins 2019 var *annar rekstrarkostnaður* sundurliðaður í skýringum á milli liðanna *aðkeypt þjónusta*, *rekstur eigna* og *lausafjármuna* og *ymissa rekstrarliða*. Í byrjun árs 2020 var uppfærð skipting *annars rekstrarkostnaðar* í bókhaldi samstæðunnar og er kostnaðinum nú skipt á milli liðanna *rekstur eigna* og *lausafjármuna*, *upplýsingatækni*, *aðkeyptrar þjónustu*, *skrifstofukostnaðar* og *ymissa rekstrarliða*. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis.

## Skýring 3 – Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reiknings-skilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Stjórnendur yfirfara reglulega mat og forsendur þess og breyta eftir því sem ástæða þykir til. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

## Skýring 4 – Samstæðan

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef samstæðan ber áhættu og réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni. Reikningsskil Greiðsluveitunnar eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til að þeim lýkur. Reikningsskilum F fasteignafélags ehf. er haldið utan samstæðu þar sem þau hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag sam-

stæðunnar. Eignarhlutur í F fasteignafélagi ehf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Stöður og viðskipti og allar óinnleystar tekjur og gjöld milli félaga innan samstæðu eru felld út við gerð samstæðureikningsskila.

	<i>Eignarhlutur</i>	<i>Starfsemi</i>
<i>Félag innan samstæðu</i>		
Greiðsluveitan ehf., Álfheimum 74, Reykjavík	100%	Rekstur greiðslukerfa
<i>Félag utan samstæðu</i>		
F fasteignafélag ehf., Ránargötu 18, Reykjavík	100%	Eignarhaldsfélag

## Skýring 5 – Sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins

Með lögum nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, sem öðluðust gildi 1. janúar 2020 sameinuðust Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið undir nafni Seðlabanka Íslands.

Seðlabanka Íslands ber að semja reikningsskil sín eftir lögum um ársreikninga. Í lögum um ársreikninga er tekið fram að þegar félög renni saman skuli semja reikningsskil yfir samanlagðar eignir og skuldir félaganna.

Við sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins er við-eigandi að nota samlegðaraðferðina þar sem stofnanirnar voru báðar í eigu sama aðila (ríkisins) og ekkert kaupverð var greitt við sameininguna.

Við beitingu samlegðaraðferðarinnar eru einstakir liðir efnahagsreiknings á yfirtökudegi lagðir saman á bókfærðu verði.

Reikningsskil Fjármálaeftirlitsins voru gerð í samræmi við lög nr. 123/2015, um opinber fjármál. Bókfært verð eigna og skulda

Fjármálaeftirlitsins var aðlagð þannig að það er metið eftir lögum um ársreikninga en ekki eftir lögum um opinber fjármál. Mismunur á bókfærðu verði eigna og skulda Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt lögum um ársreikninga og lögum um opinber fjármál er færður á eigið fé.

Samanburðarfjárhæðir innihalda ekki fjárhæðir frá Fjármálaeftirlitinu.

### Áhrif á rekstrarreikning bankans

Áhrif sameiningarinnar á rekstrarreikning bankans eru helst á eftirlitstekjur, laun og launatengd gjöld og annan rekstrarkostnað. Samanburðartölur innihalda ekki fjárhæðir frá Fjármálaeftirlitinu, þ.e. þeirri einingu sem hættir. Eftirlitstekjur námu 2.359 m.kr. á árinu 2020 en voru engar árið 2019. Í töflunni hér að neðan eru sýnd laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið á árinu 2019 samanborið við kostnaðinn hjá sameiginlegri stofnun árið 2020.

	2020		2019	
	Seðlabanki Íslands	Fjármálaeftirlitið (FME)	Seðlabanki Íslands (SÍ)	Samtals (SÍ + FME)
Laun og launatengd gjöld	5.146.535	1.830.458	2.924.664	4.755.122
Annar rekstrarkostnaður	1.503.283	406.045	1.147.651	1.553.696
Afskriftir fastafjármuna og hugbúnaðar	225.978	19.865	162.736	182.601

### Áhrif á efnahagsreikning bankans

Eignir og skuldir Fjármálaeftirlitsins hafa verið færðar inn í samrunareikning metnar eftir lögum um ársreikninga. Áhrifin á efnahagsreikning bankans eru óveruleg.

### Áhrif á samrunareikning

<i>Eignir</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	50.973
Hugbúnaður	2.140
Aðrar eignir	866.631
Eignir samtals	<u>919.744</u>
<i>Eigið fé og skuldir</i>	
<i>Eigið fé</i>	
Annað eigið fé	690.870
Eigið fé samtals	<u>690.870</u>
<i>Skuldir</i>	
Aðrar skuldir	228.874
Skuldir samtals	<u>228.874</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>919.744</u>



## Skýringar við rekstrarreikning

### Skýring 6 – Vaxtatekjur

	2020	2019
<i>Vaxtatekjur af innlendum eignum</i>		
Vaxtatekjur af daglánum og lánalínu	766	1.171
Vaxtatekjur af veðlánum	6.638	0
Vaxtatekjur af óverðtryggðum verðbréfum	23.276	0
Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum	348.889	350.550
Vaxtatekjur af öðrum innlendum eignum	12.591	16.049
Vaxtatekjur af innlendum eignum samtals	<u>392.160</u>	<u>367.770</u>
<i>Vaxtatekjur af erlendum eignum</i>		
Vaxtatekjur af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	64.237	297.945
Vaxtatekjur af bankareikningum	197.164	1.250.022
Vaxtatekjur af verðbréfum	6.365.574	7.179.610
Vaxtatekjur af öðrum erlendum eignum	225.255	371.170
Vaxtatekjur af erlendum eignum samtals	<u>6.852.230</u>	<u>9.098.747</u>

Vaxtatekjur af innlendum eignum hækkuðu um 24,4 m.kr. frá árinu 2019 eða um 6,6%.

Veitt voru 16 daglán á árinu 2020 samtals að fjárhæð 3,6 ma.kr. samanborið við 20 daglán á árinu 2019 samtals að fjárhæð 5,7 ma.kr. Hætt var að veita hefðbundin daglán við gangsetningu á nýju millibankakerfi (MBK) í október. Í staðinn hafa bankar aðgengi að lánalínu innan MBK, gengið var einu sinni á þá lánalínu fyrir 3,7 ma.kr.

Vaxtatekjur af veðlánum á árinu 2020 eru að mestu vegna þess að bankinn hefur boðið viðskiptabönkum og sparisjóðum sérstök veðlán vegna stuðningslána með 100% ríkisábyrgð frá því í september. Veitt var eitt hefðbundið veðlán á árinu 2020 fyrir 5 ma.kr. Ekki voru veitt veðlán á árinu 2019.

Í byrjun maí 2020 hóf bankinn kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði sem útskýrir vaxtatekjur óverðtryggðra skuldabréfa.

Vaxtatekjur af erlendum eignum lækkuðu um 2,2 ma.kr. frá árinu 2019 eða um 24,7%.

Vaxtatekjur af erlendum bankareikningum lækkuðu um 1,1 ma.kr. milli ára eða um 84,2%. Ástæða þess er að Seðlabanki Bandaríkjanna hætti um miðjan mars að greiða vexti. Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum með neikvæða vexti eru færð gjaldamegin. Heildarvextir af erlendum bankareikningum að teknu tilliti til reikninga með neikvæðum vöxtum eru neikvæðir upp á 354 m.kr. sem er 1,2 ma.kr. lækkun frá árinu 2019.

Vaxtatekjur af erlendum verðbréfum lækkuðu um 814 m.kr. milli ára eða um 11,3%. Ástæða þess er lækkun á kröfu á mörkuðum erlendis.

## Skýring 7 – Vaxtagjöld

	2020	2019
<i>Vaxtagjöld af innlendum eignum</i>		
Vaxtagjöld af innstæðubréfum	0	93.848
Vaxtagjöld af bundnum innlánnum	3.951.380	9.497.254
Vaxtagjöld af viðskiptareikningum	2.272.057	7.766.283
Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum	542	4.340
Vaxtagjöld af öðrum innlendum skuldum	313.457	685.800
Vaxtagjöld af innlendum eignum samtals	<u>6.537.436</u>	<u>18.047.525</u>
<i>Vaxtagjöld af erlendum eignum</i>		
Vaxtagjöld af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	41.149	189.283
Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum	551.169	420.087
Vaxtagjöld af erlendum forðabréfum	40.104	0
Vaxtagjöld af erlendum eignum samtals	<u>632.422</u>	<u>609.370</u>

Vaxtagjöld af innlendum skuldum lækkuðu milli ára um 63,8%. Helsta ástæðan er lægri stýrivextir á árinu.

Vaxtagjöld af bundnum innlánnum námu um 4 ma.kr. á árinu 2020 samanborið við 9,5 ma.kr. á árinu 2019. Hætt var að bjóða bundin innlán til mánaðar í senn um mitt ár. Í staðinn kom ný tegund bundinna innlána sem hægt er að nota sem veð í greiðsluferfum en með mismunandi binditíma. Áfram er hægt að binda til viku í senn.

Vaxtagjöld af viðskiptareikningum lækkuðu um 5,5 ma.kr. eða 70,7% vegna lækkunar á vaxtastigi og lægri innstæðna á árinu.

Vaxtagjöld af erlendum eignum hækkuðu vegna lægri vaxta erlendis sem þýðir hærri neikvæðir vextir á eignum. Á móti koma lægri vaxtagjöld af stöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Vaxtagjöld af erlendum bankareikningum eru tilkomin vegna neikvæðra vaxta á innstæðum og hækkuðu um 131,1 m.kr. eða um 31,2%.

## Skýring 8 – Virðisbreytingar eigna

	2020	2019
<i>Innleyst endurmat</i>		
Innlend verðbréf	(4.217)	0
Erlend verðbréf og verðbréfasjóðir	3.186.360	156.215
Innleyst endurmat samtals	<u>3.182.143</u>	<u>156.215</u>
<i>Óinnleyst endurmat</i>		
Innlend verðbréf	86.956	93.987
Innlendar afleiður	208.448	305.601
Erlend verðbréf og verðbréfasjóðir	6.791.345	6.415.025
Erlendar afleiður	(206.233)	(309.432)
Óinnleyst endurmat samtals	<u>6.880.516</u>	<u>6.505.181</u>
Virðisbreytingar eigna samtals	<u>10.062.659</u>	<u>6.661.396</u>

## Skýring 9 – Tekjur af hlutfjáreign

Tekjur af hlutfjáreign árið 2019 eru vegna arðs frá Alþjóða-greiðslubankanum. Vegna útbreiðslu COVID-19-veirunnar ákvað Alþjóðagreiðslubankinn að greiða ekki út arð á árinu 2020.

## Skýring 10 – Gengismunur

	2020	2019
<i>Innleystur gengismunur</i>		
Erlendar bankainnstæður	25.387.239	2.504.323
Erlend verðbréf og sjóðir	57.339.798	18.289.859
Innlendar gjaldeyrisinnstæður	(26.817.912)	847.505
Afleiður	(2.215)	(10.653)
Annað	17.992	(7.664)
Innleystur gengismunur samtals	<u>55.924.902</u>	<u>21.623.370</u>
<i>Óinnleystur gengismunur</i>		
Gull	3.683.579	2.206.933
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	1.142.998	415.952
Erlend verðbréf og sjóðir	1.369.903	4.222.962
Afleiður	0	9.323
Annað	(4.956)	(990)
Óinnleystur gengismunur samtals	<u>6.191.524</u>	<u>6.854.180</u>
Gengismunur samtals	<u>62.116.426</u>	<u>28.477.550</u>

	Meðalgengi ársins		Gengi í lok árs		Breyting á árslokagengi
	2020	2019	2020	2019	%
Evra (EUR)	154,52	137,30	156,10	135,83	14,92
Bandaríkjadalur (USD)	135,27	122,65	127,21	121,10	5,05
Sterlingspund (GBP)	173,59	156,49	173,55	159,42	8,86
Japanskt jen (JPY)	1,27	1,13	1,23	1,12	9,82
Dönsk króna (DKK)	20,73	18,39	20,98	18,18	15,40
Norsk króna (NOK)	14,42	13,94	14,93	13,77	8,42
Sænsk króna (SEK)	14,75	12,97	15,57	12,99	19,86
Svissneskur franki (CHF)	144,33	123,46	144,38	125,14	15,37
Kanadadalur (CAD)	100,95	92,46	99,91	92,94	7,50
Kínverskt júan (CNY)	19,62	17,75	19,45	17,40	11,78
Sérstök dráttarréttindi (XDR)	188,52	169,44	183,85	167,75	9,60
Gull (XAU)	240.145,82	170.898,00	240.817,43	183.741,00	31,06

## Heildareignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli í þúsundum króna

	31.12.2020		31.12.2019	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Evra	359.763.714	230.693.054	296.735.960	163.118.789
Bandaríkjadalur	317.398.872	8.495.056	372.611.624	8.081.099
Sterlingspund	91.287.299	1.653.105	100.981.453	1.543.137
Jen	27.699.601	1.647.806	35.192.183	1.485.473
Aðrir gjaldmiðlar	5.458.728	2.233.515	4.866.318	1.985.811
Gull	15.403.715	0	11.720.136	0
Samtals	817.011.929	244.722.536	822.107.674	176.214.309

Nánari sundurliðun á heildareignum og skuldum í erlendum gjaldmiðli má sjá í skýringu 42. Sérstök dráttarréttindi (SDR) er gjaldmiðlakarfa ákvörðuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Gjaldmiðlakarfan samanstendur af fimm gjaldmiðlum, Bandaríkjadal, evru, kínversku júani, bresku pundi og japönsku jeni. Eina eign

bankans í SDR er staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og eina skuld bankans í SDR er mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Eignir og skuldir bankans í SDR eru umreiknaðar í þá gjaldmiðla sem gjaldmiðlakarfan samanstendur af, miðað við vægi hvers gjaldmiðils í lok árs.

## Skýring 11 – Eftirlitstekjur

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skulu standa straum af kostnaði við rekstur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands með sérstöku eftirlitsgjaldi.

	2020
Reglubundið eftirlit	2.330.500
Umframeftirlit	28.505
Eftirlitstekjur samtals	2.359.005

Telji fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit gerir ráð fyrir getur Seðlabankinn ákveðið að viðkomandi eftirlitsskyldum aðila verði gert að greiða fyrir nauðsynlegt umframeftirlit.

## Skýring 12 – Þjónustutekjur

	2020	2019
Greiðslumiðlun	748.169	814.365
Markaðsviðskipti	155.662	148.392
Þjónustutekjur samtals	903.831	962.757

Á árinu 2020 voru RÁS, jöfnunar- og stórgreiðslukerfi lögð niður og rekstri þeirra hætt. Nýtt kerfi, Millibankakerfið (MBK), fór í gang í stað gömlu jöfnunar- og stórgreiðslukerfanna.

## Skýring 13 – Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Laun	4.188.471	2.354.438
Lífeyrissjóður	588.247	350.328
Launatengd gjöld	351.299	197.471
Framlag til lífeyrisskuldbindinga	18.518	22.427
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>5.146.535</u>	<u>2.924.664</u>
Fjöldi ársverka	297	188

Fjöldi ársverka hjá Fjármálaeftirlitinu á árinu 2019 var 117.

## Skýring 14 – Annar rekstrarkostnaður

	2020	2019
Rekstur eigna og lausafjármuna	415.070	256.268
Upplýsingatækni	286.414	124.331
Aðkeypt þjónusta	296.398	338.307
Skrifstofukostnaður	277.046	212.835
Ýmsir rekstrarliðir	228.355	215.910
Annar rekstrarkostnaður, samtals	<u>1.503.283</u>	<u>1.147.651</u>

### Þóknanir til endurskoðendafyrirtækja

	2020	2019
<i>Endurskoðun á ársreikningi</i>		
KPMG ehf.	8.444	9.465
Deloitte ehf.	0	3.380
<i>Ráðgjöf og önnur þjónusta</i>		
Deloitte ehf.	4.166	5.515
PricewaterhouseCoopers ehf.	2.501	2.316
Þóknanir til endurskoðendafyrirtækja, samtals	<u>15.111</u>	<u>20.676</u>

## Skýring 15 – Þjónustugjöld

	2020	2019
Greiðslumiðlun	402.895	448.149
Gjöld vegna vörslugjalda	71.264	39.997
Verðbréfavíðskipti	62.744	24.942
Þjónustugjöld samtals	<u>536.903</u>	<u>513.088</u>

## Skýring 16 – Tekjuskattur

Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti skv. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Gjaldfærður tekjuskattur í samstæðuársreikningi er vegna Greiðsluveitunnar ehf., dótturfélags Seðlabanka Íslands.

Tekjuskattur er reiknaður og færður í reikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 3,2 m.kr. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2021 þar sem tekjuskattsstofn Greiðsluveitunnar er neikvæður.

## Skýringar við efnahagsreikning

### Skýring 17 – Gulleign

	2020	2019
Staða í upphafi árs	11.720.136	9.576.083
Fært á varanlega rekstrarfjármuni	0	( 62.880)
Gengismunur	<u>3.683.579</u>	<u>2.206.933</u>
Staða í árslok	<u>15.403.715</u>	<u>11.720.136</u>
Gulleign í árslok í únsum	63.797	63.797

Árið 2019 var gullstöng tekin úr gjaldeyrisforða og færð í safn bankans.

## Skýring 18 – Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri

### Skýring 18.1 – Erlendar bankainnstæður

	31.12.2020	31.12.2019
Innstæður í erlendum seðlabönkum	108.970.004	164.057.203
Innstæður í Alþjóðagreiðslubankanum	97	44.807.009
Innstæður í öðrum erlendum bönkum	<u>916.514</u>	<u>1.293.488</u>
Erlendar bankainnstæður, samtals	<u>109.886.615</u>	<u>210.157.700</u>
Innstæður, lausar til útgreiðslu	104.492.911	143.100.466
Bundnar innstæður, lausar innan þriggja mánaða	<u>5.393.704</u>	<u>67.057.234</u>
Erlendar bankainnstæður, samtals	<u>109.886.615</u>	<u>210.157.700</u>



## Skýring 18.2 – Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) nam 321,8 m. SDR í lok árs 2020 (31.12.2019: 321,8 m. SDR). Gjaldeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 69,8 m. SDR í lok árs 2020 (31.12.2019: 69,8 m. SDR) sem er mismunurinn á kvót-

anum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum að teknu tilliti til stöðu viðskiptareiknings AGS hjá Seðlabankanum. Úthlutað SDR námu 112,2 m. SDR í lok árs 2020 (31.12.2019: 112,3 m. SDR).

	31.12.2020		31.12.2019	
	SDR	ISK	SDR	ISK
<i>Eignir</i>				
Kvóti Seðlabanka Íslands	321.800	59.162.930	321.800	53.981.950
Inneign hjá Seðlabanka Íslands	(252.002)	(46.330.568)	(252.002)	(42.273.336)
Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka	6	1.103	6	1.007
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans hjá AGS	<u>69.804</u>	<u>12.833.465</u>	<u>69.804</u>	<u>11.709.621</u>
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans hjá AGS	69.804	12.833.465	69.804	11.709.621
Innstæða Seðlabankans hjá AGS	113.447	20.857.231	113.245	18.996.849
Áfallnir vextir	29	5.378	226	37.976
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	<u>183.280</u>	<u>33.696.074</u>	<u>183.275</u>	<u>30.744.446</u>
<i>Skuldir</i>				
Mótvirði úthlutaðra SDR	112.198	20.627.530	112.322	18.841.989
Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka	6	1.103	6	1.007
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	<u>112.204</u>	<u>20.628.633</u>	<u>112.328</u>	<u>18.842.995</u>

## Skýring 18.3 – Erlend verðbréf og aðrar eignir í forða

	31.12.2020	31.12.2019
Erlend verðbréf	656.288.133	567.597.945
Erlendir verðbréfasjóðir	1.517.473	1.325.873
Erlendar afleiður	0	384.608
Erlend verðbréf og aðrar eignir í forða, samtals	<u>657.805.606</u>	<u>569.308.426</u>

## Breytingar á erlendum verðbréfum og verðbréfasjóðum

